



**ROLEX**  
*Franch Michélsen*  
 ÚRSMÍÐAMEISTARI  
 LAUGAVEGI 15 • SÍMI 511 1900 • WWW.SMSS.IS

# MARKAÐURINN

**Lausnir**  
 í þágu viðskiptatrygðar  
[www.lausnir.is](http://www.lausnir.is)  
 finndu rétta tóninn...

Sögurnar... tölurnar... fólkíð...

Miðvikudagur 23. janúar 2008 – 4. tölublað – 4. árgangur

Veffang: [visir.is](http://visir.is) – Sími: 512 5000 **visir**

**Skattalegt tap**  
 Mikil verðmæti í tapi



**Hugverkabjófnaður kvikmynda**  
 Kostar 1.170 milljarða



**Jeppasport**  
 Betra en golfið



## Bitnar á smærri framleiðendum

Kvikmyndaiðnaðurinn í veröldinni tapar um 1.170 milljörðum króna árlega vegna ólöglegs hugverkabjófnaðar, segir Hallgrímur Kristinsson, yfirmaður svæðisskrifstofu Samtaka kvikmyndaframleiðenda, MPA, í Evrópu, Afríku og Mið-Austurlöndum.

„Við verðum að hafa í huga að þeir sem fara verst út úr þessu eru litlu gæjarnir sem eru að reyna að búa til kvikmyndir uppi á Íslandi eða í Svíþjóð,“ segir Hallgrímur.

MPA-samtökin eru fjármögnuð af sex stærstu kvikmyndaverunum í Hollywood. Áætlað tap kvikmyndaveranna vegna hugverkabjófnaðar er sagt nema 390 milljörðum íslenskra króna.

- sk sjá 8-9

### FRÉTTIR VIKUNNAR

**Mettap hjá Merrill** Bandaríski bankinn Merrill Lynch tapaði 7,8 milljörðum dala, jafnvirði 507 milljörðum íslenskra króna, á síðasta ári. Þar af nam tapið á síðasta fjórðungi nýliðins árs 9,83 milljörðum dala. Þetta er langmesta tap í yfir hundrað ára sögu bankans.



**Kólnun á fasteignamarkaði** Velta á fasteignamarkaði síðustu tvær vikur ársins 2007 og fyrstu tvær vikur hins nýja árs nam samantlagt rétt rúmum 3,1 milljarði og dróst saman um tuttugu prósent sé miðað við sama tímabil í fyrra, þegar veltan nam 3,8 milljörðum.

**Ár yfirtakna** Glitnir spáir að árið 2008 verði ár yfirtakna, hagræðingar og sameininga hjá fjármála-fyrirtækjum. Breytingarnar verða aðallega hjá smærri verðbréfa-fyrirtækjum sem hér hafa sprott- id upp og ekki hjá stóru bönkunum samkvæmt Glitni.

**Evrunefndin á fullt** Nefnd viðskiptaráðherra sem fara á yfir lagaumhverfi hér vegna evruskráningar hlutabréfa tók til starfa. Jón Sigurðsson, hagfræðingur og fyrrum ráðherra, seðlabankastjóri og aðalbankastjóri Norræna fjárfestingarbankans, fer fyrir nefndinni.

**Ekki í stjórn** Novator fékk ekki sína tvo menn kjörna í stjórn finnska fjarskipta-fyrirtækisins Elisa í fyrstu atrennu. Björgólfur Thor Björgólfsson segist undrandi á að hluthafar standi í vegi fyrir stjórnarsetu langstærsta einstaka hluthafans.

# Óvarlegt að draga of víðtækar ályktanir

Hlutabréfamarkaðir lækkuðu skarpt um heim allan í byrjun vikunnar. Sérfræðingur Kaupþings varar við of mikilli svartsýni, teikn séu á lofti um að botni kunni að vera náð.

Óli Kristján Ármannsson  
 skrifar

Úrvalsvísitala Kauphallar Íslands lækkaði skarpt í viðskiptum gærdagsins, annan daginn í röð. Framan af degi hækkaði ekki nokkurt félag, en eftir ákvörðun Seðlabanka Bandaríkjanna um stýrivaxtalækkun gengu lækkanir örlítið til baka hér heima og stöku hækkan sást.

Lækkanir hér heima voru í takt við þróun á mörkuðum annars staðar í heiminum. Þannig var lokað fyrir viðskipti á mörkuðum í Suður-Kóreu á mánudag þegar dagslækkunin náði 10 prósentum. Seðlabanki Bandaríkjanna brást hins vegar við snarpri gengislækkun hlutabréfa á heimsvísu með óvæntri lækkun stýri- og daglánavaxta upp á 3,5 prósent. Við þetta fóru stýrivextir úr 4,25 í 3,5 prósent. Ákvörðunin skilaði sér í snörpum viðsnúningi á evrópskum hlutabréfamörkuðum. En sú breyting gekk fljótlega til baka og fór aftur í svipað horf fyrir lokun markaða. Horft er til þess að vaxtalækkunin sporni við frekari lækkun hlutabréfaverðs, blási lífi í einkaneyslu og millibankalán sem hafa verið með dræm-

asta móti. Sömuleiðis varð bankinn að grípa til sinna ráða þar sem fjármálamarkaðir í Bandaríkjunum voru lokaðir á mánudag á sama tíma og helstu hlutabréfavísitölur féllu um allt að sjö prósent víða um heim.

Haraldur Yngvi Pétursson, sérfræðingur greiningardeildar Kaupþings, segir varhugavert að draga of víðtækar ályktanir af lækkunum síðustu tveggja daga. Hann segir lækkanir á mörkuðum þegar orðnar það miklar að nái sögulegum stærðum og fjárfestar því farnir að horfa fram á veginn. „Þessar síðustu lækkanir lykta svolítið af yfirskoti,“ segir hann, en áréttar þó að því lengur sem lækkunarástand varir, verði þyngra að rífa sig upp úr því. Þá segir Haraldur Yngvi ljóst að í undangengnum lækkunum sé búið að meta inn í verð hlutabréfa mun verri afkomu en raunhæft sé að gera ráð fyrir. „Fyrst voru menn að horfa á þessi undirmálslán og ljóst að verðlækkun á mörkuðum nemur margföldum afskriftum vegna þeirra. Núna er verið að tala um mögulega kreppu í Bandaríkjunum, en gengi bréfa hefur lækkað miklu meira en svartsýnustu menn sjá fyrir sér að komið geti niður á afkomu félaga.“

## Metupphæð fyrir veiðirétt

„Engin ein á hefur verið leigð á hærra verði,“ segir Óðinn Sigþórsson, stjórnarformaður Landssambands veiðifélaga.

Sporður ehf. hefur samþykkt að greiða Veiðifélagi Þverár í Borgarfirði 73 milljónir króna á ári fyrir veiðiréttinn í Þverá og Kjarrá til ársins 2012.

„Það er ýmislegt í þessu,“ segir Kristján Franklín Axelson, bóndi og formaður veiðifélagsins. Auk þess að greiða 73 milljónir fyrir veiðiréttinn einan og sér, gefi Sporður veiði-

félaginu upp ríflega 25 milljóna króna skuld vegna viðgerða á veiðihúsi, auk þess að greiða fimm til sex milljónir króna árlega fyrir upptöku á netum í Hvítá. „Þá er þarna nokkuð rífleg eingreiðsla,“ segir Kristján Franklín.

Jón Ólafsson, einn sjö hluthafa í Sporði, segir að samningur um leigu á ánni hafi ekki átt að renna út fyrir en 2010 „en okkur þótti þetta hentugur tími til að endurnýja samninginn“.

Óðinn Sigþórsson bendir á að

þótt upphæðin fyrir ána sé há þá séu seldar fjórtán stangir. „Þannig að þetta er ekki met miðað við það.“ Þverá og Kjarrá hafa undanfarin ár verið með aflahæstu ám landsins. Undanfarin ár hafa veiðst tæplega 1.870 laxar í ánni á hverju sumri og er meðalþyngd laxa þaðan tæplega sjö pund. Mesta veiði sem vitad er um var árið 2005 en þá komu yfir 4.000 laxar á land á bökkum árinna. Bæði Íslendingar og erlendingir gestir munu hafa veitt í ánni undanfarin ár. - ikh

**TrackWell**

Tíma- og verkskráning  
 Flotastýring og eftirlit  
[www.trackwell.com](http://www.trackwell.com)

**Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar**

Peningabréf Landsbankans

Markmið  
 Peningabréfa er að ná hærrí ávöxtun en millibankamarkaður og gjaldeyrisreikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.

ISK 15,5%\*  
 GBP 6,0%\*  
 DKK 4,7%\*  
 USD 5,0%\*  
 EUR 4,0%\*  
 CAD 5,0%\*

**Landsbankinn**

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP/CAD/DKK eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, vísast til útbodslýsingar og útdráttar úr útbodslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

\* Nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 3. des. 2007 – 3. jan. 2008.

## GENGISPRÓUN

	Vika	Frá áramótum
Atorka	-7,0%	-13,4%
Bakkavör	-1,6%	-13,5%
Exista	-7,3%	-28,9%
FL Group	-9,8%	-30,9%
Glitnir	-2,5%	-10,3%
Eimskipafélagið	-4,9%	-12,5%
Icelandair	-0,9%	-4,1%
Kaupþing	-2,8%	-18,6%
Landsbankinn	-2,3%	-12,1%
Marel	-5,3%	-5,3%
SPRON	-18,0%	-27,7%
Straumur	-0,9%	-12,4%
Teymi	1,0%	-1,9%
Össur	0,9%	-3,8%

\*Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn

## Skiptihlutir fyrir slóvenska símann

„Við búumst við að þetta skýrist öðrum hvorum megin við helgina hvað einkavæðingarnefndin vill gera,“ segir Pétur Þ. Óskarsson, talsmaður Skipta. Þá standi til að slóvenska einkavæðingarnefndin velji annan tveggja aðila sem gert hafa framhaldstilboð í slóvenska landsímann til frekari viðræðna. Ekki er útilokað að einkavæðingarnefndin ræði áfram við báða aðila, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Sendinefnd frá Skiptum, móðurfélagi Símans, ræðir í dag við einkavæðingarnefndina. „Við hittum slóvensku einkavæðingarnefndina fyrir helgi og svo halda viðræður áfram í þessari viku,“ segir Pétur.

Til stendur að einkavæða 75 prósentu hlut í Telekom Slovenije, en slóvenska ríkið ætlar áfram að eiga



BRYNJÓLFUR BJARNASON Ræðir við slóvensku einkavæðingarnefndina í dag.

fjórðungshlut. Í þessari lotu ætlar slóvenska ríkið hins vegar að selja lítilliga innan við helmingshlut, en síðan þarf sá sem fær að kaupa að gera öðrum hluthöfum yfirtökutilboð. Skipti gerðu fyrir rúmri viku framhaldstilboð í félagið auk tveggja fjárfestingarsjóða sem bjóða sameiginlega.

Haft er eftir slóvenskum embættismönnum að báðir aðilar hafi bætt tilboði sín umtalsvert. Markaðsvirði Telekom Slovenija er um 2,5 milljarðar evra eða tæplega 244 milljarðar króna.

Ekkert er gefið upp um hvað felst í tilboði Skipta, en Financial Times hefur eftir heimildarmönnum að Skipti bjóði meðal annars eigin bréf fyrir hluti í slóvenska símanum.

- ikh

## Ró á hús-næðismarkaði

Sextíu og þremur kaupsamningum var þinglýst á höfuðborgarsvæðinu vikuna 11. til 17. febrúar. Þá hefur 105 samningum verið þinglýst að meðaltali í viku hverri frá desemberbyrjun að því er fram kemur á vefsíðu greiningar Glitnis. Ennfremur segir að það séu um fjórtán prósentum færri samningar en var þinglýst á sama tímabili í viku hverri fyrir ári.

Bankinn telur að erfitt aðgengi að lánsfjármagni og tregða bankanna til að lána til hús-næðiskaupa auk hárra vaxta séu að öllum líkindum helstu áhrifaþættirnir. - jsk

## Söluíbúðum Íbúðalánasjóðs fjölgar

„Það dró svolítið úr þessu á tímabilinu 2005-2006, þá dró úr vanskilum, en nú virðist sem vanskil fari vaxandi, sérstaklega úti á landi,“ segir Gunnar Már Eðvaldsson, hjá Íbúðalánasjóði.

Sjóðurinn selur húseignir sem hann hefur leyst til sín vegna vanskila eigenda. Flestar eignirnar hafa tínst inn á sölulista frá því í ágúst í fyrra, en dæmi eru um að eign hafi verið á sölulista Íbúðalánasjóðs í næstum fjögur ár.

Nú eru 27 íbúðarhús á söluskrá sjóðsins. Þar á meðal eru 120 fermetra íbúð sem á að seljast á tvær og hálf milljón króna og tæplega



FRÁ PATREKSFIRÐI Íbúðalánasjóður selur eignir víða um land. Meðal annars á Patrekfirði.

áttatíu fermetra íbúð sem á að seljast fyrir innan við eina milljón króna.

Eignirnar eiga það margar sameiginlegt að þarfnast endurbóta eða mikilla endurbóta. - ikh

## Sampo kaupir í Nordea

Finnska fjármálafyrirtækið Sampo jók við hlut sinn í sænska bankanum Nordea, stærsta banka Norðurlandanna, í síðustu viku. Exista á tæpan tuttugu prósentu hlut í Sampo.

Sampo hefur aukið hratt við hlut sinn í sænska bankanum og fer nú með 9,6 prósent í honum með beinum og óbeinum hætti. Þá hefur félagið óskað eftir heimild hjá sænska fjármálaeftirlitinu til að fara með tíu prósent.

Markaðsverðmæti hlutar Sampo í Nordea nemur rétt rúmum 22 milljörðum sænskra króna, jafnvirði 225 milljörðum íslenskra króna, miðað við gengi hans um hádegisbil í gær.

Björn Wahlroos, forstjóri Sampo, hefur í samtali við sænska fjölmiðla ekki sagst hafa í hyggju að yfirtaka Nordea þrátt fyrir ítrekaðan orðróm

um hið gagnstæða.

Lausafjárstaða Sampo þykir í sterkara lagi en tryggingafélagið situr á heilum 40 milljörðum sænskra króna, tæpum 410 milljörðum íslenskra, sem að mestu er tilkomið eftir sölu á bankastarfsemi til Danske Bank í fyrra.

Hins vegar velta ýmsir fyrir sér stöðu Existu. Greiningardeild SEB Enskilda bankans lýsti í gær fyrir fjárfestum áhyggjum af henni þar sem lántökur hefðu aukist og eignir minnkað í verði. Þetta vekir spurningar um hvort Exista neyðist til að minnka hlut sinn í Sampo og Storebrand í Norvegi. Sampo hafi vel efni á að kaupa af Existu en SEB Enskilda telur það ólíklegt, nema nokkur afsláttur verði gefinn af núverandi markaðsverði. - jab/ikh



BJÖRN WAHLROOS

## Lánamarkaður með hlutabréf í pípunum

Í undirbúningi er lánamarkaður með hlutabréf í OMX Kauphöll Íslands. Með því yrðu skortsöluviðskipti gegnsærri. Breyta þarf lögum til að lífeyrissjóðir megi lána bréf.

Óli Kristján Ármannsson skrifar

Hér hafa átt sér stað skortstöðuviðskipti í einhverjum mæli, án þess þó að fyrir liggja upplýsingar um umfang þeirra. Í Kauphöll Íslands er að því stefnt að koma á stofn lánmarkaði með verðbréf, líkt og tíðkast erlendis. Slíkur markaður er forsenda fyrir gagnsæi viðskiptanna.

„Hér höfum við ekki enn virkan lánamarkað og því ekki auðvelt að fá yfirsýn yfir hvað hér er að gerast í þessu í einstökum atriðum,“ segir Þóroddur Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, og bætir um leið við hér hafi vantað ákveðnar forsendur til að koma slíkum markaði á. „Meðal annars eru lífeyrissjóðir hugsanlegur aðili til þess að lána bréf, en hafa ekki til þess heimildir lögum samkvæmt og þarf því aðeins að lagfæra hér löggjöfina til þess að renna stöðum undir góðan lánamarkað,“ segir hann og bætir við að Kauphöllin hafi þegar sent fjármálaráðuneytinu erindi þar að lútandi.

Baldur Guðlaugsson, ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu, staðfestir að erindi hafi borist frá Kauphöllinni varðandi endurskoðun á lögum um lífeyrissjóði í þá veru að rýmka heimildir sjóðanna til að lána hlutabréf. Hann áréttar um leið að

## HVAÐ ER SKORTSALA?

Skortsala, eða *short-sale* upp á ensku, heitir það þegar seljandi verðbréfa á ekki bréfin, heldur fær þau lánuð gegn skuldbindingu um að kaupa þau aftur og skila þeim. Í erlendum kauphöllum finnast víða lánmarkaðir með hlutabréf. Fari fram skortsala og verð bréfa lækkar í millitíðinni verður til hagnaður þegar bréfin eru keypt aftur á lægra verði en þau voru upphaflega seld. Að sama skapi getur tap orðið verulegt hækki verð bréfanna.



ÞÓRODDUR FRÍÐJÓNSSON

BALDUR GUÐLAUGSSON

ingar. Í dag eru afleiðuviðskiptum þeirra settar skýrar skorður í lífeyrissjóðalögum. Þeir mega verja sjálfa sig fyrir áhættu en ekki vera í sjálfstæðum afleiðuviðskiptum, en það eins og fleira er nokkuð sem ástæða er til að fara yfir,“ segir hann.

Jafet S. Ólafsson, framkvæmdastjóri Veigs ehf. fjárfestingarfélags, telur að hér sé mjög lítið um skortsölu, þótt víða séu þær algengar, svo sem í Bandaríkjunum. „Ég held þetta sé eðlileg þróun á markaðnum að þetta komi hér líka,“ segir hann, en kveður um leið skiptar skoðanir um ágæti þess að heimila skortsölu. „Þetta býður upp á ákveðna spákaupmennsku og getur hefnt sín grimmilega ef markaðurinn fer í aðra átt en menn hafa reiknað með,“ segir hann og kveðst hafa ákveðnar efasemdir um skortsölu. „Ég er ekki viss um að þetta séu æskilegir viðskiptahættir.“

## FRÁBÆR SKAMMTÍMAÁVÖXTUN

Sjóður 9 – peningamarkaðsbréf hentar þeim sem leita að jafnri og stöðugri hækkun eigna. Sjóðurinn fjárfestir í víxlum, innlánum eða öðrum skammtímaverðbréfum. Hann hentar sérlega vel sem skammtímaávöxtun og fyrir þá sem vilja hafa greiðan aðgang að sparifé sínu. Inneign í sjóðnum er alltaf laus til útborgunar samdægurs og enginn munur er á kaup- og sölugengi í sjóðnum.

SJÓÐUR 9

15.3% ávöxtun\*

ÞINN ÁVINNINGUR

- Mikil áhættudreifing og frábær ávöxtun
- Sérfræðingar Glitnis stýra sjóðnum
- Ávallt innleysanlegur
- Hægt að kaupa og selja á netinu
- Enginn munur á kaup- og sölugengi
- Mjög litlar verðsveiflur

\*Ávöxtun sl. 1 ár m.v. 31.12.07 – ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð. Sjóður 9 – peningamarkaðsbréf er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfa- og fjárfestingarsjóði. Glitnir Sjóðir er rekstrarfélag sjóðsins. Útböðslýsing og nánari upplýsingar er hægt að nálgast á heimasíðu Glitnis, [www.glitnir.is](http://www.glitnir.is). Athygli er vakin á að fjárfestingarsjóðir eru áhættumeiri fjárfestingarkostur en verðbréfasjóðir skv. lögum.

KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á [WWW.GLITNIR.IS/SJODIR](http://WWW.GLITNIR.IS/SJODIR) EÐA HJÁ EIGNASTÝRINGU GLITNIS Í SÍMA 440 4900

GLITNIR


# Það er svalt á toppnum

Besta ávöxtunin 2007\*

Alþjóðleg hlutabréf – markaðir

**SPRON Verðbréf**

BRIK hlutabréfasjóðurinn



**BRIK hlutabréfasjóðurinn** er alþjóðlegur sjóðasjóður með þá meginstefnu að fjárfesta einkum í Brasilíu, Rússlandi, Indlandi og Kína.

Kynntu þér nánar kosti BRIK hlutabréfasjóðsins á [www.spronverdbref.is](http://www.spronverdbref.is) eða í síma 550 1310.

**spron**  
VERÐBRÉF

Vegmúla 2 – 108 Reykjavík – 550 1310 – [verdbref@spron.is](mailto:verdbref@spron.is) – [www.spronverdbref.is](http://www.spronverdbref.is)

## Efnahagsaðstæður draga úr olíueftirspurn

Verð á hráolíu hefur lækkað talsvert samhliða niðursveiflu á hlutabréfamörkuðum í Asíu og Evrópu í vikunni. Það stóð á mánudagskvöld í rúmum 88 dölum á tunnu.

Gangi spár um efnahagskreppu eftir mun það draga mjög úr eftirspurn eftir olíu, eldsneyti og matvöru, að því er Bloomberg-fréttaveitan hefur eftir markaðsaðilum og fjármálasérfræðingum. Þeir segja að nú þegar hafi dregið úr eftirspurninni og megi reikna með svipaðri þróun fram á mitt ár.

Inn í verðþróunina spilar sömu leiðis að starfsemi hefur hafist að nýju í olíuframleiðslustöðvum við Mexíkóflóa sem var lokað vegna veðurhams þar til á mánudag.

Óvíst þykir hins vegar hvort OPEC-ríkin, sem framleiða um fjórutíu prósent af allri olíu í heiminum, ætli að auka olíuframleiðslu sína til að keyra verðið neðar eða halda henni óbreyttri á næsta fundi samtakanna um mánadaginn, að sögn Bloomberg.

- jab

## Fjörið byrjað í Davos

Hin árlega heimsviðskiptaráðstefna Alþjóðlegu efnahagsstofnunarinnar, World Economic Forum (WEF), var sett með formlegum hætti í Davos í Sviss í gær.

Þetta er 37. árið sem ráðstefnan er haldin en þátttakendur eru ráðamenn, forstjórar helstu stórfyrirtækja heimsins og aðrir leiðandi athafnamenn og einstaklingar í viðskiptalífinu sem þykja skara fram úr á einn hátt eða annan.

Yfirskrift ráðstefnunnar og umfjöllunarefnið að þessu sinni er krafturinn sem felst í sameiginlegri framþróun og nýsköp-



**STOFNANDINN** Klaus Schwab, stofnandi ráðstefnunnar, á blaðamannafundi þar sem málefnið voru kynnt.

MARKAÐURINN/AFP

un þjóðanna og hvað hægt sé að leggja af mörkum til að bæta heiminn.

Breska dagblaðið Financial Times slær á léttu strengi í viku-

### TÖLUM

Þátttakendur:	2.500
Forstjórar:	1.370
Stjórnmalamenn:	250
Fulltrúar fjölmiðla:	250
Fræðimenn:	180
Aðrir:	450

Heimild: Financial Times

byrjun og segir þetta kjörinn vettvangur fyrir forstjóra nokkurra af stærstu bönkum heims sem þarna hittast til að ræða um lausn fjármálakrisunnar sem riðið hefur húsum og bæði sett stórt skarð í efnahagsreikning þeirra auk þess sem forstjórahausar hafa fengið að rúlla.

- jab

## Óvissa um afkomu Sports Direct

Rekstrarhagnaður bresku íþróttavöruslunarinnar Sports Direct nam 126 milljónum punda, jafnvirði 16,4 milljarða íslenskra króna, á þriðja ársfjórðungi. Velta nam 280 milljónum punda á sama tíma. Baugur keypti eins prósent hlut í versluninni um miðjan október í fyrra, samkvæmt heimildum breska dagblaðsins Telegraph.

Dagblaðið Guardian segir markaðsaðila gagnrýna Mike Ashley, eiganda úrvalsdeildarliðsins Newcastle og stærsta eiganda Sports Direct, fyrir að

birta ekki samanburð við fyrri ár. Þeim þykir ljóst að hagnaðurinn verði í lægri mörkum, jafnvel tæplega helmingi minni en í hittifyrri. Ashley vísar því hins vegar á bug í Financial Times og stendur fast á því að afkoman verði í takt við væntingar.

Markaðsaðilar skrifa afkomuna á erfitt rekstrarumhverfi á seinni hluta síðasta árs, ekki síst eftir að Englendingar féllu úr Evrópukeppni landsliða. Dave Forsey, forstjóri Sports Direct, segir útlit fyrir að árið verða erfitt.

- jab

## Sjá þrjár stýrivaxtalækkningar í bollanum

Englandsbanki, seðlabanki Bretlandseyja, mun þrívaxta lækka stýrivexti hið minnsta á næstu tveimur árum í því augnamiði að forða Bretum frá því að lenda í klóm efnahagskreppu. Þetta er mat hóps breskra hagfræðinga sem spáðu í spilin á vegum breska markaðsrannsóknarfyrirtækisins Ernst & Young.

Hagfræðingarnir segja í skýrslu sem þeir hafa gefið út um málið að líkur séu á að hagvöxtur í Bretlandi fari úr 3,1 prósent á síðasta ári í 1,8 prósent á þessu ári. Af þessum sökum muni breskt hagkerfi fara í gegnum harkalegt aðlögunarskeið sem geti endað í samdráttarskeiði, jafnvel efnahagskreppu verði ekkert að gert.

Hagfræðingarnir gagnrýna bresk stjórnvöld harðlega og segja þau hafa átt að treysta stoð-



**BANKASTJÓRNIN OG FJÁRMÁLARÁÐHERRANN** Hagfræðingar telja líkur á að Mervyn King seðlabankastjóri muni lækka stýrivexti þrisvar í Bretlandi á næstunni.

MARKAÐURINN/AFP

ir efnahagslífsins í góðærinu.

Hagfræðingarnir reikna með að Englandsbanki haldi stýrivöxtum óbreyttum í 5,5 prósentum í þessum mánuði en lækki þá síðan jafnt og þétt árið á enda. Muni þeir standa í 4,75 prósentum hið mesta í árslok.

- jab

# Dauft yfir lukkustjórn Tchenguiz

Fjárfestirinn Robert Tchenguiz er sagður horfa upp á tæpa fimmtíu milljarða króna gufa upp úr bókum sínum.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson  
skrifar

Heppnin hefur snúið bakinu við íraskættaða fjárfestinum og fasteignamógúllum Robert Tchenguiz, sem jafnframt er stjórnarmaður í Existu, upp á síðkastið. Breskum fjölmiðlum hefur undanfarið verið tíðrætt um mikið bókfært tap fjárfestisins í skugga falls á hlutabréfamörkuðum, ekki síst í Bretlandi. Stærstu eignir Tchenguiz, sem hann festi sér þegar verð þeirra var tiltölulega hátt í fyrravor, hafa verið í sem næst frjálsu falli frá því í haust og virðist lítið lát á dýfunni. Breskir fjölmiðlar segja að hann gæti þurft að selja eignir til að bæta lausafjárstöðuna. Tchenguiz vísar því alfarið á bug.

Á meðal stærstu eigna R20, fjárfestingarfélag Tchenguiz, er tíu prósent hlutur í breska stórmarkaðnum Sainsbury's, þriðju stærstu verslanakeðju Bretlandseyja, níttján prósent í bresku krákeðjunni Mitchells & Butler og fimmtán prósent hlut í tölvuleikjaframleiðandanum Sci. Gengi leikjafyrirtækisins, sem hefur fallið um rúm áttatíu prósent frá hæsta gildi í fyrrasumar í kjölfar þess að útgáfa fyrirtækisins á nýjum leikjum hefur ítrekað verið slegið á frest. Til stóð að yfirtaka fyrirtækið í sumar en áætlanir í þá átt runnu út í sandinn í september í fyrra.

Í umfjöllun The Independent um vandræði Tchenguiz í upphafi vikunnar segir meðal annars að fjárfestirinn hafi verið svo fullviss um að yfirtakan á verslanarísanum gengi í gegn að hann hafi veðjað skýrtunni upp á það og því hlaðið hlutafé í innkaupakerruna. Þegar yfir lauk sat hann á tíu prósent hlut í versluninni en yfirtakan rann hins vegar út í sandinn í apríl í fyrra þvert á væntingar. Verðið tók að lækka í kjölfarið. Þá er ótalinn um þriðjungshlutur í breska stórmarkaðnum Somerfield, sem nú er í söluferli í samstarfi við Kaupþing í Bretlandi en fjölmiðlar hafa ýjað að því að hann sé til sölu til að losa um eignir. Því hefur Tchenguiz neitað.

Að síðustu situr fasteignamógúllinn á fimm pró-



**ROBERT TCHENGUIZ** Breskum fjölmiðlum reiknast til að fasteignamógúllinn hafi tapað hátt í fimmtíu milljörðum króna á fjárfestingum sínum.

sent hlut í Existu sem hann fékk í skiptum fyrir hlut í finnska tryggingarfélaginu Sampo. Ljóst er að hann hefur ekki riðið feittum hesti frá skiptunum eins og gengisþróunin hefur verið upp á síðkastið en markaðsverðmæti hans, miðað við dagslokagengi Existu á mánudag, nam rúmum 7,8 milljörðum króna. Það er um helmingssýrnum á tæpu ári.

Breska dagblaðinu Daily Mail reiknast til að bókfært tap Tchenguiz nú nemi 250 milljónum punda, jafnvirði rúmra 32 milljarða íslenskra króna, á hlut hans í Sainsbury's. Bókfært tap af öðrum eignum í Bretlandi nemur svo 130 milljónum punda til viðbótar, að sögn blaðsins. Er þá eignarhluturinn í Existu ótalinn.

## Conan-leikur væntanlegur í vor

Straumur á rúm fjögur prósent í norska leikjafyrirtækinu Funcom. Tilkynnt hefur verið um átta vikna frestun á útgáfu leiksins.

Útgáfu tölvuleikjarins Age of Conan frá norska fyrirtækinu Funcom hefur verið frestað um tvo mánuði. Forsvarsmenn fyrirtækisins segja leikinn fá átta vikna þróunartíma til viðbótar. Funcom er skráð félag, en Straumur-Burðarás á þar ríflega fjögurra prósent hlut.

Leikurinn er fjölspilunar-netleikur líkt og EVE Online sem er unnendum tölvuleikja að góðu kunnur. Gangi allt að óskum hjá norska leikjafyrirtækinu kemur Age of Conan út 20. maí næstkomandi. Við-

bótartímann á að nota til að hreinsa út villur og laga leikinn til þannig að endanleg útgáfa verði sem best.

Um dreifingu á leiknum sér Eidos, en það er með stærstu fyrirtækjum í framleiðslu og dreifingu tölvuleikja.

- óká

**VILLIMABURINN CONAN** Á árum áður tók kvikmyndastjama Arnold Schwarzenegger, sem nú er ríkisstjóri í Kaliforníu í Bandaríkjunum, að sér hlutverk villimansins Conans í röð bíómynda. Nú er ný mynd á leiðinni og tölvuleikur líka.



**Gallery**  
Restaurant

NÝTT ELDHÚS  
MEÐ BREYTTUM  
ÁHERSLUM



HOLT  
HOTEL

Bergstaðastræti 37 s. 552 5700 holt@holt.is www.holt.is

# Deloitte.

The Deloitte logo is displayed in white on the top corner of a tall, modern glass skyscraper. The building's facade is a grid of blue-tinted glass panels. The sky is filled with soft, white clouds. In the foreground, there are streetlights and a parking lot with several cars. A decorative graphic of green circles of various sizes is overlaid on the middle of the building's facade.

PIPAR • SIA • 72460

## Nýjar höfuðstöðvar Deloitte.

Deloitte fagnar nýju ári á nýjum stað og hefur flutt höfuðstöðvar sínar í hæsta hús landsins, Turninn við Smáratorg. Við hlökkum til að taka á móti viðskiptavinum okkar í nýjum húsakynnum og miðað við útsýnið sem við höfum er ekki hægt annað en að horfa björtum augum til framtíðar. Um leið þökkum við viðskiptavinum okkar ánægjulegt samstarf á gamla staðnum.

Deloitte hf, Smáratorgi 3, 201 Kópavogur, sími 580 3000, [dttdeloitte.is](mailto:dttdeloitte.is)  
Móttaka viðskiptavina er á 9. hæð

[www.deloitte.is](http://www.deloitte.is)

# Mikil verðmæti fólgin í hundraða milljarða króna tapi

Íslensk fyrirtæki geta samanlagt dregið 400 milljarða króna frá skattstofni og þannig lækkað greiðslur sínar í sameiginlega sjóði. Þetta uppsafnaða tap ríflega tvöfaldaðist milli ára. Ingimar Karl Helgason komst að því að eignarhaldsfélög eiga megnið af uppsöfnuðu tapi en óvíst er hvað verður um það verði frumvarp um skattfrelsi söluhagnaðar að lögum í óbreyttri mynd.

**S**kammt er síðan fullrytt var í fjölmiðlum að einu verðmætin sem til væru í Gnúpi fjárfestingarfélagi væru skattalegt tap. Félagið ætti inni nýtanlegt skattatapi sem næmi fjórum til fimm milljörðum króna. Þetta milljarða tap væri nógu verðmætt til þess að halda félaginu við.

Það eru mikil svona verðmæti í umferð, því samanlagt uppsafnað skattalegt tap íslenskra fyrirtækja nemur nú tæpum fjögur hundruð milljörðum króna og ríflega tvöfaldaðist í fyrra frá árinu á undan.

## HVAÐ ER SKATTALEGT TAP?

Það hljómar ef til vill undarlega í eyrum leikmanns að kalla milljarða tap verðmæti. Því er spurt, hvað er skattalegt tap?

Í stuttu máli geta fyrirtæki dregið frá skattstofni sínum samanlagt tap af rekstri allt að tíu ár aftur í tímann. Þegar illa árar og reksturinn skilar engum hagnaði, geta þau lagt tapið til hliðar og síðar þegar betur gengur fengið að draga það frá skattstofni sem verður til þegar hagnaður verður af rekstrinum.

„Þetta er ósköp eðlileg regla. Það verða sveiflur í rekstri fyrirtækja. Mörgum kynni því að þykja það óeðlilegt að geta ekki nýtt sér, til dæmis tap vegna uppbyggingar. Félag gæti til að mynda verið starfandi í þrjú ár án þess að skila nokkrum hagnaði,“ segir Guðmundur Skúli Hartvigsson, lögfræðingur á skatta- og lögfræðisviði Deloitte.

## HUNDRUÐ MILLJARDA

„Þó svo að gögn embættisins um yfirfæranalegt tap ná aðeins aftur til álagningar ársins 1998 þá er óhætt að fullyrða að yfirfæranalegt tap, eftir að það hefur verið nýtt til lækkunar tekjuskattstofns, hefur aldrei aukist jafn mikið á milli ára,“ segir Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri.


Yfirfæranalegt skattalegt tap fyrirtækja jókst um rétt tæpa 200 milljarða króna í fyrra, sem er meira en tvöföldun frá árinu á undan, samkvæmt tölum ríkisskattstjóra. Yfirfæranalegt tap nemur nú tæpum 383 milljörðum króna.

Tæplega ellefu þúsund félög færðu til bókar yfirfæranalegt tap í fyrra, og er það fjölgun um 1.500 frá árinu á undan.

## MISMIKIÐ TAP EFTIR ATVINNUGREINUM

Fyrirtæki í öllum atvinnugreinum hafa safnað sér skattalegu tapi. Tapið í iðnaði jókst til að mynda um fjórtán milljarða króna milli árunna 2006 og 2007, uppsafnað tap í byggingastarfsemi og mannvirkjagerð er einnig nokkuð. Sömu sögu er að segja um hótél- og veitingarekstur. Þá margfaldaðist tapið í áætlunarflugi milli ára, svo nokkur dæmi séu tekin.

Þá má nefna að fyrirtæki í heilsurækt og sölbaðsstofur eru hér heldur ekki undanskilin. Fyrirtæki í þessum greinum eiga inni ríflega hálfan milljarð króna í uppsafnað yfirfæranalegt skattalegt tap.



## EIGNARHALDSFÉLÖG MEÐ BRÓÐURPARTINN

Skúli Eggert Þórðarson bendir á að megnið af skattalega tapinu sé hjá fáum félögum. „Nú voru t.d. 65 félög með meira en einn milljarð í yfirfæranalegt tap á bókum sínum, samanborið við 21 félag í fyrra. Yfirfæranalegt tap þessara félaga var nú 203,5 milljarðar, eða 53,1 prósent yfirfæranalegs taps félaga í landinu. Af þessum félögum sem voru með meira en einn milljarð í tap voru þau tíu félög sem voru með mest tap með 97,8 milljarða í tap sem er rúmur fjórðungur yfirfæranalegs taps.“ Hann bendir jafnframt á að fjármálafyrirtæki séu hér ofarlega á blaði.

Samkvæmt tölum ríkisskattstjóra nemur yfirfæranalegt skattalegt tap eignarhaldsfélaga einna og sér nú tæpum 128 milljörðum króna og hefur aukist um næstum hundrað milljarða á einu ári.

Sigurjón Högnason, lögfræðingur hjá KPMG, nefnir að margar skuldsetningar eignarhaldsfélaga séu skuldsettar. Því fylgi vextir, þótt ekki hafi verið gerðar sérstakar úttektir á þessu hjá KPMG. „Etlí það megi ekki segja að þetta séu aukin umsvif á þessu sviði, það er að segja sýsl með hlutabréf, auk mikilla vaxtagjalda sem skýra þetta mikla uppsafnaða skattalega tap hjá eignarhaldsfélögum.“

## FLÓKINN FLÆKIST

Upphæð af frestunum söluhagnaði fyrirtækja hefur aukist mikið undanfarin ár. Hann nam rúmunum sjö milljörðum króna árið 2001. Í fyrra nam hann hins vegar 336 milljörðum króna.

Skatti af söluhagnaði hlutabréfa hefur verið hægt að fresta yfir tvenn áramót og er hann ekki greiddur ef fjárfest er að nýju. Þessi skattur hefur enda falið í sér hverfandi tekjur fyrir ríkissjóð, því fólk ýmist endurfjárfestir eða geymir hlutabréfaeignina í erlendum eignarhaldsfélögum sem lúta öðru regluverki.

Samfara þessari frestun á skattlagningu hefur verið hægt að nýta kostnað í rekstri, eins og vaxtakostnað til að lækka skattstofn; safna yfirfæranalegt skattalegt tap.

Nú verður söluhagnaður af hlutabréfum skattfrjáls, nái frumvarp fjármálaráðherra sem nú liggur fyrir Alþingi fram að ganga.

## HEIMILDIR PRENGJAST

Þetta á við mörg fyrirtæki, en mest áhrifin verða sennilega á eignarhaldsfélögum; félög eins og Gnúpi, sem nefndur var hér í upphafi, FL Group, Exista og fleiri.

En mörg félög eru í blandaðri starfsemi, þar sem eignarhald á félögum er stór hluti. Nefna má banka Kaupþing, Glitni og Landsbankann.

Samkvæmt frumvarpinu verður afnumin heimild til að fresta skattlagningu söluhagnaðar af hlutabréfum og um leið verður frádráttur vegna hagnaðar af sölu hlutabréfa takmarkaður þannig að hvorki verði hægt að draga hann frá öðrum tekjum né nota hann til að mynda yfirfæranalegt tap hjá félögum.

„Það er svolítið verið að þrengja þetta. Meginreglan er sú að kostnaður við að afla tekna sé frádráttarbær. Í þessu tilviki er er til dæmis vaxtakostnaður ekki frádráttarbær,“ segir Guðmundur Skúli Hertvigsson hjá Deloitte.

„Tökum sem dæmi skuldsettar yfirtökur, en ætla má að flestar yfirtökur hérlendis séu skuldsettar. Þá verður ekki hægt að nýta vaxtakostnaðinn á móti tekjunum,“ segir Guðmundur Skúli.

## LAUSIR ENDAR

Friðgeir Sigurðsson, forstöðumaður skattasviðs Kaupþings, bendir á að fyrirbyggjandi frumvarp sé langt frá því að vera skýrt varðandi heimild til nýtingar á yfirfæranalegu tapi sem orðið hefur til fyrir gildistöku laganna.

Hann bendir á að verði frumvarpið að lögum verði helst ráðið að frestaður söluhagnaður frá liðinni tíða verði eftirleids undanþeginn skattlagningu.

Um leið séu settar takmarkanir við nýtingu á yfirfæranalegu tapi þegar og ef söluhagnaður verður innlestur í framtíðinni. „Að hve miklu leyti frumvarpinu er ætlað að takmarka möguleika til nýtingar á tapi frá liðinni tíða eða aðeins framtíðar tapi er óljóst,“ segir Friðgeir, sem bendir á að vafasamt kunni að vera fyrir löggjafann að skerða þegar áunninn rétt fyrirtækja.

## HVAÐ SKÝRIR TAPIÐ?

Ríkisskattstjóri nefnir fernt til sögunnar sem einkum skýri aukningu á yfirfæranalegu tapi sem draga má frá skattstofni:

1. Félögum sem telja fram tap hefur fjölgað.
2. Félögum sem telja fram verulegt tap hefur fjölgað.
3. Yfirfæranalegt tap félaga sem hafa talið fram verulegt yfirfæranalegt tap á undanföllum árum hefur aukist.
4. Fyrirtæki í fjármálastarfsemi eru ofarlega á blaði yfir félög með mikið yfirfæranalegt tap.

## Til hvers?

Tapið geta fyrirtæki nýtt sér til að lækka skattstofn sinn, en gert er ráð fyrir 45,5 milljörðum króna í fyrirtækjaskatta á þessu ári, samkvæmt fjárlögum. Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri segir erfitt að meta hvaða áhrif mikið yfirfæranalegt tap hefur á tekjuöflun ríkissjóðs. Benda má á að fjármálafyrirtæki greiddu næstum helming fyrirtækjaskatts fyrir árið 2006, eða 18 af 42 milljörðum króna.

Þá hefur ástandið á hlutabréfamarkaði undanfarnar vikur sennilega nokkur áhrif á tekjur ríkissjóðs. Fyrirtækjaskattar og skattar af sölu hlutabréfa munu dragast saman, samkvæmt endurskoðaðri efnahagsspá fjármálaráðuneytisins sem kom út á dögunum. Á móti gerir ráðuneytið ráð fyrir því að tekjuskattar einstaklinga og veltuskattar aukist á móti.

Þá er enn sem komið er óvíst hvað verður um uppsafnað skattalegt tap í tengslum við frestun á skattlagningu á söluhagnaði.

## ATVINNUGREINAR

Dæmi um uppsafnað yfirfæranalegt tap í nokkrum atvinnugreinum. Tölur eru í milljörðum króna.

Atvinnugrein	2006	2007
Rekstur eignarhaldsfélaga	34,1	127,9
Iðnaður	25,6	39,4
Fiskveiðar og útgerð	7,4	15,7
Byggingastarfsemi	9,2	13,4
Hótél- og veitingarekstur	5,0	6,8
Landbúnaður o.fl.	3,0	3,5
Bankar og sparisjóðir	2,4	3,3
Áætlunarflug	0,85	4,9

## Hvað segir lagabókstafurinn?

Uppsafnað skattalegt tap:

„[Frá tekjum lögaðila og þeim tekjum manna sem stafa af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi eða eru tengdar slíkum rekstri má draga:]

Eftirstöðvar rekstrartapa frá síðustu tíu árum á undan tekjuári, enda hafi fullnægjandi grein verið gerð fyrir rekstrartapinu og eftirstöðvum þess á því tekjuári þegar tapið myndaðist. Þó er ekki heimilt að nýta rekstrartap til frádráttar tekjum ef veruleg breyting hefur orðið á þeim rekstri eða starfsemi sem í hlut á, svo sem með breytingu á eignaraðild að lögaðila eða á tilgangi rekstrar, nema sýnt þyki að umræddar breytingar hafi verið gerðar í eðlilegum og venjulegum rekstrar-tilgangi.“

8. tl. 31. gr. laga um tekjuskatt:

Frestun söluhagnaðar hlutabréfa:

„Lögaðilar [...] geta farið fram á að fresta tekjufræslu söluhagnaðar af sölu hlutabréfa, þar á meðal skiptum á hlutabréfum, um tvenn áramót frá söludegi. Sama gildir um einstaklinga í atvinnurekstri, enda séu hlutabréfin eignfærð í atvinnurekstrinum. Kaupi slíkur aðili önnur hlutabréf í stað hinna seldu innan þess tíma færast söluhagnaðurinn til lækkunar kaupverði þeirra bréfa. Nemi kaupverð hinna keyptu hlutabréfa lægri fjárhæð en söluhagnaðurinn telst mismunurinn til skattskyldra tekna. Ef hlutabréf eru ekki keypt innan tilskilins tíma telst söluhagnaðurinn til skattskyldra tekna á öðru ári frá því að hann myndaðist.“

5. mgr. 18. gr. laga um tekjuskatt

## Sölbaðsstofur safna tapi

Fyrirtæki í flestum ef ekki öllum geirum atvinnulífsins eiga inni eitthvert uppsafnað tap hjá skattyfirvöldum sem þau geta síðar dregið frá skattstofni.

Uppsafnað tap sölbaðsstofa og fyrirtækja í heilsurækt nemur vel á sjötta hundrað milljóna króna. Það tap skiptist milli ríflega 150 fyrirtækja.

Tæplega 200 tannlæknar eiga til að mynda samanlagt tæpar 130 milljónir króna í uppsafnað tap.

Tæplega þrjátíu kjötvinnsur eru með fimm og hálfan milljarð.



Uppsafnað yfirfæranalegt tap í áætlunarflugi nemur tæpum fimm milljörðum króna og jókst mjög mikið milli árunna 2006 og 2007. Tíu fyrirtæki skipta því tapi á milli sín.



Meirihlutinn er fallinn

# „Þau sáu það fyrst á visir.is“

Visir.is var langfyrstur með fréttina um yfirvofandi meirihlutaskipti í Reykjavík. Hann er öflug fréttá- og upplýsingaveita í stöðugri sókn, sem leggur metnað sinn í að flytja fréttir líðandi stundar fljótt og örugglega til notenda. Fréttir, dægurmál, umræða, blogg, sjónvarpsfréttir Stöðvar 2 og fréttatengdir þættir – allt er þetta aðgengilegt á einum stað í einfaldri umgjörð og með skýrri framsetningu. Notendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir heimsækja vísi.

**visir.is**  
...ég sá það á visir.is



# Litli gæinn verður verst úti

Kvikmyndaiðnaðurinn verður árlega af um 1.170 milljörðum króna vegna sjóræningjastarfsemi. Hallgrímur Kristinsson fer fyrir MPA-samtökunum, sem fjármögnuð eru af sex stærstu kvikmyndaverunum í Hollywood, í Evrópu, Afríku og Mið-Austurlöndum. Hann stýrir baráttu samtakanna gegn ólöglegri hugverkanotkun og telur að með samstilltu átaki geti sá bardagi unnist. Jón Skaftason spjallaði við Hallgrím.

**M**PAA nefnast samtök sex stærstu kvikmyndaveranna í Hollywood; Disney, Warner, Paramount, Sony, Fox og Universal. Hallgrímur Kristinsson er yfirmaður svæðisskrifstofu Samtaka kvikmyndaframleiðenda, MPA, í Evrópu, Afríku og Mið-Austurlöndum, og stýrir réttindavernd, eða öllu heldur baráttu samtakanna gegn ólöglegri útgáfu og sjóræningjastarfsemi. „Stóru kvikmyndaverin höfðu vit á því að taka A-ið aftan af MPAA enda stendur MPAA fyrir Motion Picture Association of America. Annars staðar í veröldinni heitum við einfaldlega MPA.“

Höfuðstöðvar Hallgríms eru í Brussel og á skrifstofunni starfa níu manns. MPA eru raunar regnhlífarsamtök yfir samtök rétthafa víðs vegar um veröldina. Undir stjórn Hallgríms heyrta tuttugu og níu slík samtök í þrjátíu og sex löndum. „Við erum ekki beinlínis með MPA-starfsmenn í þessum löndum, heldur erum við aðilar að samtökum á staðnum, til að mynda að Smáis á Íslandi.“

**Við gerum okkur hins vegar fulla grein fyrir því að við stoppum ekki sjóræningjastarfsemi. Okkar markmið er að lágmarka hana, og við teljum heillavænlegustu leiðina að því markmiði að fara á eftir stórum síðum og þeim sem reka þær.“**

Hallgrímur segir misjafnt hvernig MPA komi að starfseminni í hverju landi fyrir sig, fjárframlögin geti numið allt frá tíu prósentum og upp í hundrað prósent. „Þetta er mjög misjafnt eftir löndum. Við leggjum fé inn í samtökin og eigum oftast en ekki aðild að samtökunum í hverju landi fyrir sig, sitjum í stjórn og höfum gjarnan mikil áhrif á þær ákvarðanir sem teknar eru. Við reynum í rauninni að styðja svæðisskrifstofurnar með ráð og dáð.“

Baráttan gegn hugverkaþjófnaði hefur breyst gríðarlega undanfarin ár að sögn Hallgríms. Hér áður hafi áherslan fyrst og fremst verið á lagalegu hliðina, en nú sé í auknum mæli farið að gefa stefnumótun og kynningarmálum gæm. Þessi breyting endurspeglar að nokkru leyti í því að Hallgrímur er fyrsti maðurinn sem gegnir hans stöðu og er ekki lögfræðingur. „Þetta snerist raunar um að berjja niður hurðir hér og þar í veröldinni, og hafa nógu marga lögfræðinga á sínum snærum. Nú síðustu þrjú ár hefur þetta breyst gríðarlega og þessir þrjú þættir eru eiginlega allir komnir í einn graut. Ég vinn þannig ekki síður mikið að stefnumótun, kynningar- og tæknimálum en með lögfræðingum.“

#### UPPLÝSINGAFLÓDBYLGJA

MPA eru hagsmunasamtök og eru að öllu leyti fjármögnuð af kvikmyndaverunum sex. „Það er alveg svakaleg pólitísk og skriffinnska kringum kvikmyndaverin. Fyrstu þrjú mánuðina í starfi þorði ég varla að opna munninn, og það var fyrst eftir tíu mánuði að ég gat farið að senda tölvupósta á stúdíóin svona nokkurn veginn hjálparlaust. Þetta er víst alveg eðlilegt því það tekur gríðarlegan tíma að komast inn í þetta allt saman.“

Hallgrímur fær gríðarlegan fjölda símtala og tölvupósta á dag og líkir starfinu við flóðbylgju upplýsinga. Stærstur hluti dagsins fari hreinlega í að skipuleggja þetta gríðarlega magn



**VIÐ KVIKMYNDAREKKANN** Hallgrímur er viðskiptafræðimenntaður og fyrsti ólögglærði maðurinn til að gegna starfi svæðisstjóra hjá MPA. Hann segir starfið hafa breyst mikið undanfarin ár. „Þetta snerist í raun um að berjja niður hurðir hér og þar í veröldinni, og hafa nógu marga lögfræðinga á sínum snærum. Ég vinn ekki síður að stefnumótun, kynningar- og tæknimálum en með lögfræðingum.“ FRÉTTAHLAÐIÐ/ANTON

upplýsinga, skilja kjarnann frá hisminu og tryggja að upplýsingar berist á réttan stað á réttum tíma.

Stefna MPA í Evrópu hefur verið sú að leita uppsprettunnar að ólöglegum gagnaskiptum, þannig hafa samtökin aldrei kært endanotendur, heldur frekar beint málshöfðun að þeim sem reka vefsíður og miðla ólöglegu efni. „Við höfum undanfarið lagt mikla áherslu á svokallaða Content Recognition Technology (CRT), sem fer gegnum upprunaleg eintök af kvikmyndum og tekur eins konar fingraför af myndinni. Með þessari tækni er hægt að bera skrár saman við gagnagrunn af fingraförum og þannig má bera kennsl á þau eintök sem eru ólögleg. Reynslan af þessu er mjög góð.“

Hallgrímur segir vefsíður sem miðla hreyfimyndum, á borð við YouTube, nú vera að innleiða ofangreinda tækni. Það hafi þó ekki gengið möglunarlaust, enda hafi MPA þurft að standa við dyrkarminn hjá fyrirtækjunum og hreinlega hóta þeim lögsókn ef ekki yrði eitthvað að gert til að koma í veg fyrir ólöglega miðlun. „Með þessari tækni er hægt að sjá á einfaldan hátt hvort tiltekið myndskipið er löglegt eða ekki. Ef myndbrot úr kvikmyndinni Bourne Ultimatum er til að mynda sett á síðu á borð við YouTube, flettit tæknin einfaldlega í gegnum myndina og sér síðan hvort samningar við framleiðandann nái til þeirrar tilteknu myndar. Ef samningar reynast ná

til Bourne Ultimatum fer myndin inn á vefinn, annars ekki.“

#### SAMÚÐIN HJÁ SMÁFRAMLEIÐENDUM

MPA leggur jafnframt mikla áherslu á að vinna með símafyrirtækjum og innleiða CRT-tæknina í þeirra starfsemi. Hugsunin þar er sú að þegar komist er á snóðir um að verið sé að hala niður höfundarvörðu efni á ólöglegan hátt fái notandinn skilaboð þar sem honum er tjáð að athæfi hans varði við lög. Eftir þrjár slíkar viðvaranir missir notandinn internettengingu sína tímabundið, oftast í tvær til þrjár vikur í senn. „Við viljum meina að með þessu móti hagnist allir. Endanotandinn losnar við að þurfa að glíma við lögfræðinga, fær betri útgáfu af myndinni og hreina internet. Kvikmyndaframleiðendurnir fá meira í kassann og bæta möguleika sína á að byggja upp viðskipti á netinu, sem hingað til hefur verið næstum ómögulegt enda keppir enginn við fría gagnamiðlun. Loks fá símafyrirtækin betri þípur, enda er stór hluti þeirrar umferðar sem fer gegnum netið tengdur ólöglegu niðurhali á höfundarvörðu efni. Símafyrirtækin eru smám saman að skilja að þeirra hagar fer ekki saman við ólöglegt niðurhal, enda geta þau sjálf farið að selja efni komist lag á þessi mál.“

Hallgrímur segir mikinn áfanga hafa náðst í baráttunni þegar bandaríska símafyrirtækið AT and T steig fram fyrir skjöldu og ákvað að innleiða CRT tækn-

ina. Annar stór áfangi hafi náðst í Frakklandi á dögum þegar ríkisstjórn landsins, rétthafar og símafyrirtæki komu saman og undirrituðu samstarfssamning sín á milli. „Samkvæmt samkomulaginu leggja allir sitt af mörkum til að innleiða þriggja brota kerfið. Við erum einnig komin langt í viðræðunum í Bretlandi. Þetta er sú leið sem við erum að þrýsta á alls staðar í heiminum, að allir aðilar komi að borðinu og reyni að leysa vandann í sameiningu.“

Barátta MPA fer alltaf fram gegnum svæðissamtök í hverju landi fyrir sig, og með listamenn í því landi sem í hlut á hverju sinni í forgrunni. Hallgrímur segir MPA-samtökin vel gera sér grein fyrir því að fólk er almennt ekki líklegt til að hafa mikla samúð með stóru bandarísku kvikmyndaverunum. „Það segir sig sjálft að fólk hefur meiri samúð með Stöð 2 sem framleiðendum Næturvaktarinnar, en til að mynda framleiðendum stórmynda á borð við Bourne Ultimatum. Við gerum okkur hins vegar fulla grein fyrir því að við stoppum ekki sjóræningjastarfsemi. Okkar markmið er að lágmarka hana, og við teljum heillavænlegustu leiðina að því markmiði að fara á eftir stórum síðum og þeim sem reka þær.“

#### GETUM VEGIÐ DREKANN

Hallgrímur segir stúdíóin gera sér fullvel grein fyrir því að ekki er nein ein leið til að leysa þau vandamál sem kvikmyndaiðnaðurinn glímur við, og að líklegast verði margar leiðir færar þegar



# FRAMTÍÐARHEIMILIÐ ER KOMIÐ Í PRODOMO

Prodomo er ný verslun sem býður nýjustu hönnun í ljósum og rafbúnaði og háþróaðan stjórnbúnað fyrir lýsingu, tónlist, mynd og hita.

Hlíðasmári 1 / 200 Kópavogur  
Sími 520 4545 / [www.prodomo.is](http://www.prodomo.is)  
[prodomo@prodomo.is](mailto:prodomo@prodomo.is)



PRODOMO

# húsbyggjandinn

MIÐVIKUDAGUR 23. JANÚAR 2008



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÐÖR



## Eldhús innréttingar

Innréttingarnar eru sérsmíðaðar eftir þínum óskum.  
Þú ákveður viðartegund, höldur og innviði.  
Við teiknum, smíðum og setjum þær upp.  
Aðeins hágæða efni á verði sem hentar öllum.



Innréttingaþjónusta Bjarnarins ehf. - Ármúla 20 - Sími 562 5000 - Fax 562 5045 - [bjorninn@bjorninn.is](mailto:bjorninn@bjorninn.is) - [www.bjorninn.is](http://www.bjorninn.is)



Mikil umræða er nú um friðun eða niðurrif húsa í miðbænum. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

## Framkvæmdir í Kvosinni

Mikil umræða er í samfélaginu um friðun eða niðurrif gamla húsa í miðbænum en samkeppni um uppbyggingu í Kvosinni var haldin síðasta sumar.

Vinningstillögu í samkeppni um uppbyggingu í Kvosinni áttu Stúdíó Grandi, Argos og Gullinsnið. Þótti dómnefnd hún uppfylla þau markmið sem leitað var eftir með samkeppninni, það er að styrkja svæðið, stuðla að lífi milli húsa og auka aðdráttarafl miðborgarinnar.

„Í tillögunni er gert ráð fyrir að hin sögulega götmynd á horni Lækjargötu og Austurstrætis verði endurbyggð í meginatriðum,“ segir í skýrslu dómnefndar sem sjá má á vef Reykjavíkurborgar. Jóhannes Kjarval, arkitekt og verkefnisstjóri um þróunaráætlun miðborgar, segist ekki eiga von á stórkostlegum breytingum á vinningstillögunni og segir henni verða fylgt í meginatriðum.

„Það eru margir kantar á þessu máli og mikið í deiglu á öllu svæðinu, en við erum að leggja

upp í lokahrinu á frágangi á deiliskipulagi sem unnið er upp úr niðurstöðum í samkeppni um uppbyggingu í Kvosinni,“ segir hann um gang mála við Lækjargötu og Austurstræti. „Það er ekkert sem er akkúrat að smella núna en það er mikil vinna bakvið tjöldin sem kemur fram seinna,“ segir Jóhannes. Hann segir tillögugerð fyrir þetta svæði búna að vera í vinnslu í fimm til sex ár og bruninn á horni Lækjargötu og Austurstrætis hafi í raun komið lokasprettinum af stað.

„Það verður spennandi að hafa þetta í haldfastri tillögugerð og að það sé loksins að koma lausn á viðkvæmu og erfiðu byggingaverndunarmáli en það gengur á ýmsu þessa dagana,“ segir Jóhannes og á þar við umræðuna sem átt hefur sér stað undanfarnar vikur um friðun eða niðurrif gamla húsa á Laugaveginum. „Þetta verður kynnt von bráðar og þá mun fara af stað skörp umræða ef ég þekki landann rétt,“ bætir hann við.

Lesi má um þær tillögur í samkeppninni sem dómnefndin tók til greina á [www.rvk.is](http://www.rvk.is)

-rt



Verðlaunatilagan um uppbyggingu í Kvosinni unnin af Stúdíó Grandi, Gullinsniði og Argos.



Lækjartorg.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN



Húsið er steinað að utan. Bilskúr fylgir annarri endaíbúðinni og bílskýli hinum tveimur.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Form og stíll frá fyrri tíð

Það gleður þá sem komnir eru á miðjan aldur þegar trúmennsku við fortíðina verður vart og við Gullteiginn í Reykjavík er nýreist hús sem fellur einkar vel að þeirri byggð sem fyrir er. Arkitekt að því er Guðjón Magnússon.

Bratt þak með myndarlegum kvistum, sneiddir gaflar og gluggar úr kjörviði með smáum rúðum efst er meðal þess sem vekur athygli þegar húsið númer fjögur við Gullteig er virt fyrir sér. Allt atriði sem einkenndu byggingar fimmta áratugarins í borginni, þar með talið á Teigunum.

Innan úr húsinu kveða við hamarshögg svo freistandi er að knýja dyra og fá að skoða húsið nánar og helst gera úr því blaðafni. Húsbýggjandinn Bernharð Heiðdal tekur þeirri bön vel. „Það er fyrirtekið Ventrum sem er eigandinn,“ tekur hann fram um leið og hann sýnir af sér heilmikla gestrisni og fylgir blaðamanni um húsið. Þar eru þrjár íbúðir að verða til, hver með sinn inngang. Tvær þeirra eru 150 fermetrar að stærð. Þær eru á tveimur hæðum hvor og hafa báðar kvista og svalir sem vísa út í garð. Á efstu hæðinni er svo um 160 fermetra „penthouse“-íbúð með tveimur mikilfenglegum kvistum. Hún er óinnréttuð enn þá. Útsýni er til allra átta yfir Teigahverfið og á milli húsanna sést út á sundin.

Það vekur athygli hvað veggirnir eru þykkir og Bernharð upplýsir að þeir séu 34 sentimetrar í allt. „Gólfplötur eru líka þykk-



Þrjú kvistir snúa inn í garðinn. Einn á hverri íbúð. Miðkvisturinn verður með gluggum á hlíðunum.



Búið er að leggja eikarparkett á eldhús og stofu. Innrétting og AEG-tæki eru í eldhúsinu.

ar, eða um 39 sentimetrar, og hér er góð einangrun,“ segir hann. Hitinn er í gólfunum og á þau er verið að leggja eikarparkett. Innihurðirnar eru líka úr eik en útihurðir og gluggar úr mahóní. Gert er ráð

fyrir tölutengingum hvar sem er. Hér hefur greinilega verið vand- að til allra verka. „Málararnir eiga eftir að fara eina umferð yfir þegar rafvirkjarnir eru búnir,“ tekur Bernharð fram.

-gun

### ● LEYFI TIL AÐ SELJA STÓÐHESTASTÖÐ

Í nýsamþykktum fjárlögum er fjármálaráðherra heimilað að selja stóðhestastöðina í Gunnarsholti ásamt landspildum við stöðina og ráðstafa andvirðinu til Hekluslóga og til uppbyggingar á landsmóts- svæði hestamanna á Gaddstaðafötum. Í greinargerð kemur fram að allt að 80 milljónir renni til uppbyggingar á Gaddstaðafötum með þessu móti en það sem þá verður afgangur til Hekluslóga.

Önnur athyglisverð fjárlagaheimild á Suðurlandi er heimild til að kaupa hverasvæðið á Geysi en sú grein hefur verið í fjárlögum í áratugi án þess að samningar hafi náðst.

Á Selfossi hefur ríkið heimild til að selja eignarhlut ríkisins í Eyrarvegi 67 þar sem Svæðisskrifstofa fatlaðra var áður en andvirði þeirrar sölu mun renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra.

Á Eyrarbakka hefur ríkið heimild til að selja hluta af landi Litla-Hrauns og verja andvirðinu til endurbóta á fangelsinu.


[www.sudurlandid.is](http://www.sudurlandid.is)



Ríkið hefur heimild til að selja hluta af landi Litla-Hrauns og verja andvirðinu til endurbóta á fangelsinu.

# Gólfhitakerfi

Roth gólfhitakerfi sem er létt að leggja og fljótt að virka.



Reykjalundur  
Plastiðnaður

dælur

Smiðjuvegur 74 – 200 Kópavogur – 5 400 600  
Reykjalundur – 270 Mosfellsbær – 530 1700  
Lónsbakki 2 – 601 Akureyri – 460 1760



Fjölbýlishús rísa með ógnarhraða á Norðurbakkanum í Hafnarfirði.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Blokkarbyggð við ströndina

### HVAÐ ER VERIÐ AÐ BYGGJA?

Á Norðurbakkanum í Hafnarfirði rís nú stór og mikil blokkarbyggð og bryggjuhverfi.

Norðurbakkinn liggur við sjóinn meðfram Vesturgötu að hluta til á uppfyllingu vestan Norðurgarðsins. Á þessu svæði er áætlað

að verði um 600 íbúðir fyrir 1.800 manns.

Tvö þeirra fjölbýlishúsa sem þar eru í byggingu er Norðurbakki 7-9 en framkvæmdir eru á vegum byggingafyrirtækisins Eyktar ehf. en arkitektar eru PK-arkitektar. Um er að ræða 31 íbúð í hvoru húsi og er heildarstærð bygginganna um 12.500 m<sup>2</sup>, þar af u.þ.b. 1.860 m<sup>2</sup> bílakjallari. Húsin eru samtengd með bílakjallara

þar sem gert er ráð fyrir 74 bílastæðum, þar af tveimur stæðum sem eru sérmerkt fyrir íbúðir sem hannaðar hafa verið sérstaklega með þarfir fólks í hjólastól í huga.

Húsin eru fjögurra og fimm hæða há með þremur stigahúsum hvort. Á þaki húsa verður sameiginlegur útgardur með sólbaðsaðstöðu og möguleika á heitum potti.



Norðurbakki 7, húsin verða fjögurra til fimm hæða há með þremur stigagöngum í hvoru húsi.

**Beta**

**N1**

# VERKFAERI

N1 býður upp á mikið úrval af hágæða rafmagns- og handverkfærum.

N1 VERSLUN BÍLDHÖFÐA 9 · SÍMI 440 1200

WWW.N1.IS



„Við erum ekki bara með hússkrokkinn beran heldur allt sem við á að éta,“ segir Guðmundur í Modulhúsum á Hvammstanga.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Raðað upp á marga vegu

Útlit er fyrir líflegt vor hjá fyrirtækinu Modulhús á Hvammstanga að sögn Guðmundar Helgasonar framkvæmdastjóra.

Modulhús flytja inn staðlaðar timburhúsaeyningar frá Tomoku í Dölunum í Svíþjóð og margir Íslendingar eru komnir á bragðið. Nýlega fékkst sérstök styrkleikavottun á einingarnar og að sögn Guðmundar einfaldar það hönnunarsvinnuna heilmikið hér á landi. Guðmundur er nýkominn frá Svíþjóð ásamt Ævari Ævarssyni, smíði hjá fyrirtækinu Ævarandi á Egilsstöðum, sem hefur sérhæft sig í uppsetningu einingahúsa frá Tomoku. „Ævar er minn maður fyrir austan og tekur að sér Suðurlandið líka,“ segir Guðmundur og tekur fram að það sé samt húsbýggjandinn sem ávallt ráði ferðinni. „Það er hægt að raða einingunum upp á marga vegu og því er kjörið tækifæri fyrir þá sem ganga með einhverja ákveðna hugmynd í maganum að rissa upp og láta teikna,“ segir hann og kveðst geta bent á aðila til þess. Þá telur hann tíu ára ábyrgð væntanlega á einingar og þakvirki frá Tomoku.



Eitt húsanna frá Modulhúsum sem stendur austur á fjörðum.

„Tomoku framleiddi fyrir Japansmarkað í byrjun en leggur æ meiri áherslu á Evrópumarkað og sinnir okkur Íslendingum sérlega vel,“ segir Guðmundur og nefnir sem dæmi að í einu óveðrinu hafi rúða brotnað hjá viðskiptavini á uppsetningarstiginu og ný rúða hafi verið send að utan í hveli.

Afgreiðslutíminn frá því hús er pantað og þar til bíúið er að framleiða efnið í það tekur sex til átta vikur að sögn Guðmundar og svo tekur að minnsta kosti viku að koma því til landsins. Hann kveðst líka kominn í samstarf við aðila úti í Svíþjóð sem reki timburvöruverslun og hafi vöruúrvalið aukist mikið í framhaldinu. „Við erum ekki bara með hússkrokkinn beran heldur allt sem við á að éta,“ segir hann léttur í bragði.

-gun

● **FORNLEIFAR Í MIÐBÆ REYKJAVÍKUR** Minjasafn Reykjavíkur stendur fyrir fyrirlestraröð um fornleifar í miðbæ Reykjavíkur. Sérfræðingar í ýmsum fræðigreinum fjalla um Reykjavík við landnám út frá ólíkum sjónarhornum. Fyrirlestrararnir verða haldnir á þriðjudögum kl. 17 á Landnámssýningunni Reykjavík 871±2 í Aðalstræti 16 þar sem nýlega fannst rúst af skála frá 10. öld. Skálinn hefur verið forvarinn og er til sýnis á sínum upphaflega stað og gestir geta fræðst um fortíðina með aðstoð nýjstu margmiðlunartækni.

**5. febrúar** - Hvar er að finna fornleifar í Kvosinni? Væntanlegar rannsóknir. Anna Lís Guðmundsdóttir, deildarstjóri fornleifadeildar Minjasafns Reykjavíkur.



**19. febrúar** - Landkostir við upphaf byggðar. Árni Einarsson líffræðingur.

**4. mars** - Aldursgreining fornleifa út frá gjóskulögum og eldgosum. Ari Trausti Guðmundsson jarðfræðingur.

**18. mars** - Kitlandi frásögn um fortíðina. Landnámssýningin Reykjavík 871±2. Hjörleifur Stefánsson arkitekt, verkefnisstjóri sýningarinnar.

**1. apríl** - Hvað vitum við helst um Reykvíkinga á 9. og 10. öld? Ritaðar heimildir og niðurstöður fornleifarannsóknna. Helgi Þorláksson sagnfræðingur.

**15. apríl** - Hvernig er hægt að varðveita torfrúst frá 10. öld? Per Thorling Hadsund forvörður, Nordjyllands Historiske Museum.

Nánar á [www.skipbygg.is](http://www.skipbygg.is)

# FLÍSAÚTSALA

## 20-70% afsláttur

# VÍDD EHF

Bæjarlind 4, Kópavogi  
og Njarðarnesi 9, Akureyri

Viðhaldsfriar

## ÞAKRENNUR

*Þegar hús eru klædd með „viðhaldsfriri“ klæðningu er nauðsynlegt að nota „viðhaldsfriar“ þakrennur.*

*Rennurnar frá Grövík Verk í Noregi eru gerðar úr 0,9 mm áli og tærast ekki, ryðga, né brotna.*

*Fyrsta rennan var framleidd árið 1956 og er enn í notkun.*

*Litir til á lager: Svartar, hvítar, rauðbrúnar og ólitaðar.*

**Hágæða**

**Varmaskiptasamstæður  
loftræstistokkar og tengistykki**



**HAGBLIKK ehf.**

Smiðjuvegi 4C

Box 281 202 Kópavogur

Sími 587 2202 Fax 587 2203

hagblikk@hagblikk.is www.hagblikk.is



**GLÖFAXI HF.**  
 ARMÚLA 42 - SÍMI 553 4236

**BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR**

- Hurðir til á lager
- Smíðað eftir máli
- Eldvarnarhurðir
- Öryggishurðir

**VÍSIR.IS**  
 "...ég sá það á vísi"

**PGV  
 VERÐUR  
 GLERBORG**



GLER | SPEGLAR | GLUGGAR | HURÐIR | SÖLSTOFUR | SVALALOKANIR

Á dögunum keyptu eigendur PGV ehf. Glerborg í Hafnarfirði.  
 Samelnuð fyrirtæki munu starfa undir merkjum Glerborgar.  
 Við samrunann verður til einstakt og gríðarlega óflugt fyrirtæki á  
 íslenskum byggingamarkaði með fjölbreyttar lausnir á öllu sem  
 tengist gleri og gluggum.

## Framkvæmdir í samræmi við skipulag

Byggingarframkvæmdir og verklegur undirbúningur þeirra eru í flestum tilfellum leyfisskyldar og þarf að sækja um byggingarleyfi til viðkomandi sveitarstjórnar. Það á við um hvers konar byggingar ofan jarðar og neðan og er óheimilt að grafa grunn, reisa eða rífa hús, breyta húsi, burðarkerfi þess, formi, svipmóti eða notkun án þess að fá byggingarleyfi, samkvæmt vef Skipulagsstofnunar.

Áður en byggingarleyfi er veitt þarf að ganga úr skugga um að framkvæmdin sé í samræmi við staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag.

Í þegar byggðum hverfum er heimilt að veita byggingarleyfi, að undangenginni grenndarkynningu skipulagsnefndar, þó að ekki sé fyrir hendi deiliskipulag. Þó þarf að liggja fyrir að ekki sé verið að víkja frá notkun, nýtingarhlutfalli og yfirbragði hverfisins að verulegu leyti.

Það getur leikið vafi á því hvort tiltekna framkvæmdir séu byggingarleyfisskyldar og fer það meðal annars eftir umfangi þeirra. Byggingarleyfisskylda er meðal annars metin út frá gerð mannvirkis og hversu varanlegt það er. Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála sker úr ágreinngi um byggingarleyfisskyldu.



Að mörgu þarf að huga þegar byggingar eru byggðar eða þeim breytt.

Umsókn um byggingarleyfi ásamt fylgigögnum er lögð inn til viðkomandi byggingarfulltrúaembættis og getur tekið nokkrar vikur að afgreiða hana. Byggingarframkvæmdir verða að hefjast innan tólf mánaða frá því leyfið var gefið út. Byggingarfulltrúa er heimilt að stöðva framkvæmdir tafarlaust ef þær eru hafnar án leyfis eða eru í ósamræmi við útgefið leyfi. Umsækjandi um byggingarleyfi getur skotið málinu til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála sé hann ósáttur við niðurstöðuna.

## Gólfefni-Teppaland sameinast Álfaborg í stærri verslun að Skútuvogi 6

**Allt á gólfið á einum stað**

**ÁLFABORG**  
 Skútuvogi 6 - Sími 568 6755

STIGAR OG HANDRIÐ ÚR GLERI OG STÁLI



ÚTI SEM INNI

ATLANTSKAUP Upplýsingar á [www.atlantskaup.is](http://www.atlantskaup.is)

Atlantskaup ehf. Bæjarflöt 6, 112 Reykjavík S: 533 3700

## Gluggar & hurðir

Gluggar, hurðir, og svalahurðir úr viðurkenndu PVC-U hágæða efni frá **REHAU**

Kjarnagluggar hafa einstakt einangrunargildi og eru til í mörgum gerðum.

Íslensk framleiðsla og áratuga reynsla

Sparaðu tíma • leitaðu tilboða netfang: [gluggar@vortex.is](mailto:gluggar@vortex.is)



Ekkert viðhald

**Kjarnagluggar**

Skemmuvegi 46 • 200 Kópavogi  
sími 564 4714 • Fax 564 4713

[www.kjarnagluggar.is](http://www.kjarnagluggar.is)

60% MARKAÐSHLUTDEILD Á ÍSLANDI ÁRIÐ 2004

MANITOU skotbómulyftarar - Þarfur þjónn, sem uppfyllir ströngustu gæði og væntingar þeirra kröfuhörðustu.

# HANN ER GRIMMUR!

MANITOU MLT 634 TURBO INTERCOOLER

## SKOTBÓMULYFTARI

Fjór hjóladrifinn  
Fjór hjólastýrður  
Lyftigeta: 3.400 KG  
Lyftihæð: 6.050 MM  
Gafflar: 1.200 MM  
Vél: Perkins Turbo intercooler, 123 HÖ  
**LOAD SENSING!!** Samtímis glussahreyfingar án aukins snúningshraða vélar.



- VIÐURKENND VARAHLUTAPJÓNUSTA í 44 ár
- Útvegum notaða skotbómulyftara
- Úrval notaðra lyftara á lager



**PON PÉTUR O. NIKULÁSSON ehf.**


Melabraut 23 • 220 Hafnarfjörður  
Símar 552 2650 & 552 0110 • FAX: 552 1588 • e-mail: [pon@pon.is](mailto:pon@pon.is)

# ElipeX

EINANGRUÐ PEX PLASTRÖR



Miklar breytingar hafa orðið við lagningu hitaveitna þar sem foreinangruð plaströr eru nú notuð í grennri lögnum í meiri mæli, í stað hefðbundinna hitaveituröra úr stáli. Röraverksmiðjan SET er eitt fárra fyrirtækja í heiminum sem framleiðir foreinangruð PEX rör.



## SET



SET ehf. Röraverksmiðja • Eyravegur 41 • 800 Selfoss

Sími: 480 2700 • Fax: 482 2099 • Netfang: [set@set.is](mailto:set@set.is) • Vefsíða: <http://www.set.is>



# Álið er málið

Fegurð, mýkt, ending



## Valsað báruál

Litað valsað báruál í 0,7 mm þykkt á svipuðu verði og stál. Áltak valsað báruál og afgreiðir pantanir í réttum lengdum með 2-4 daga fyrirvara.

Eigum eftirfarandi liti til á lager:

Ólitað ál	
RAL 1013	Perluhvítt
RAL 3002	Rautt
RAL 3009	Mórautt
RAL 5009	Blátt
RAL 6003	Ólívugrænt
RAL 7011	Koksgrátt
RAL 7016	Dökkgrátt
RAL 9006	Silfurmetallic
RAL 9010	Hvítt
RAL 9007	Dökkur Metallic



## Horfðu til himins

Gæða þakgluggar á frábæru tilboðs verði. Margar stærði til á lager.

55 x 78 • 55 x 98 • 66 x 118 • 78 x 98  
78 x 140 • 94 x 118 • 114 x 118 • 94 x 140



## Stallað þakefni

Áltak á til á lager, stallað þakefni úr áli í eftirfarandi litum:

RAL 3009 Mórautt  
RAL 9005 Svart  
RAL 9010 Hvítt



**HÚSASMIÐJAN**  
Sími 525 3000 • [www.husa.is](http://www.husa.is)

Söluaðili:  
Verðslanir Húsasmiðjunnar  
um land allt

Áltak býður breiða línu af gæða byggingarvörum m.a. utanhúsklæðningar, undirkerfi fyrir utanhúsklæðningar, kerfisloft, kerfisveggi, innihurðir, reyklúgum, reykræstibúnað og brunakerfi, einnig glugga, hurðir, samloku-einingar, kerfisgólf o.fl. Áltak hefur það að markmiði að bjóða eingöngu gæðavörur frá viðurkenndum framleiðendum. Skoðaðu úrvalið á [www.altak.is](http://www.altak.is)



# Ál er okkar mál

Stórhöfða 33 • 110 Reykjavík • Sími: 577-4100 • [www.altak.is](http://www.altak.is)





# Dóms beðið í DC-málinu

Í DC-málinu svokallaða er í fyrsta skipti ákært í opinberu máli fyrir ólöglega dreifingu á höfundarréttarvörðu efni. Samkvæmt höfundalögum er bæði hægt að höfða einkamál og opinber mál vegna ætlaðra brota á lögnum.



Samkvæmt 3. höfundalaga frá 1972 hefur höfundur einkarétt til að gera eintök af verki sínu og til að birta það í upphaflegri mynd eða breyttri, í þýðingu og öðrum aðlögunum. Samkvæmt 54. gr laganna er einungis refsað fyrir brot sem framin eru af ásetningu eða stórkostlegu gáleysi. Við brotum liggja sektir eða fangelsi allt að tveimur árum.

Í svokölluðu DC máli eru tíu karlmenn á aldrinum 22 til 36 ára ákærðir í máli, sem snýst um ólöglega dreifingu á höfundarréttarvörðu efni í gegnum skráaskiptaforritið DC++. Málið var þingfest í héraðsdómi Reykjavíkur nú skömmu fyrir jól og er þetta í fyrsta skipti sem ákært er í opinberu máli af þessu tagi hér á landi. Vaninn er sá í flestum löndum að höfðuð séu einkamál vegna ætlaðra brota á höfundarrétti. Í höfundalögum er gert ráð fyrir að báðar leiðir séu færir eins og sjá má af 1. mgr 59. gr þar sem segir að brot á lögnum sæti opinberri ákæru, en jafnan skuli málshöfðun heimil þeim sem misgert er við.

Samkvæmt gögnum sem Fréttablaðið hefur undir höndum er ákært fyrir ólöglega afritun og birtingu á um yfir 135 þúsund höfundarréttarvörðum verkum í DC málinu. Íslensk og erlend tónlist er stærstur hluti þeirra verka, eða um 118 þúsund lög talsins.

Meira en þrjú ár eru liðin frá því að lögregla lagði hald á tölvur og gögn hjá tólf manns vegna gruns um brot á höfundarréttarlögum. Mennirnir voru hluti af stórum hóp Íslendinga sem notaði DC++ skráarskiptaforritið til að skiptast á tónlist, kvikmynd-



**HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR** Sektir eða fangelsi allt að tveimur árum liggja við brotum gegn höfundalögum. Í DC-málinu svokallaða er í fyrsta skipti ákært fyrir ólöglega dreifingu höfundarréttarvarins efnis hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÖL

um, forritum og tölvuleikjum. Eftir húsleitirnar árið 2004 fækkaði mjög í hópi þeirra sem

notuðu DC++ forritið á Íslandi, og lagðist notkun þess meira og minna af. -jsk/ss

kemur að greiðslu fyrir höfundarvarið efni á netinu í framtíðinni. „Hins vegar má ekki gleyma því að kvikmyndaverin byggja á yfir sextíu ára gömlu tekjumódeli og að DVD-sala er enn þá þeirra helsti tekjupóstur. Þessu verður ekki breytt á einum degi. Hins vegar erum við að sjá breytingar. Nýjasta og besta dæmið er kannski iTunes sem nú býður efni frá öllum kvikmyndaverunum til sölu gegnum netið.“

Hallgrímur segir augljóst að stúdíóið vilji koma sínu efni á netið það sem það sé aðgengilegast sem flestum. Lykillinn að því sé samstarfið við fjarskiptafyrirtækin. „Þetta samstarf er nú hafið og árangurinn er að sýna sig, þótt þetta gangi vitanlega fullhægt fyrir minn smekk. Eg trúir hins vegar að saman getum við vegið þennan dreka.“

Kvikmyndaverin sex sem standa að MPA tapa um 390 milljörðum króna á ári vegna ólöglegar notkunar höfundarréttarvarins efnis. Heildartap þegar allt hefur verið tekið saman, til að mynda skattalegt tap ríkisins, er um 1.170 milljarðar. „Það er engin tilviljun að menn í efstu hæðum kvikmynda-bransans vilja ráðast gegn ólöglegri gagnamiðlun. Við verðum hins vegar að hafa í huga að þeir sem fara verst út úr þessu eru litlu gæjarnir sem eru að reyna að búa til kvikmyndir uppi á Íslandi eða í Svíþjóð. Þekkt dæmi eru til um að menn sem komist hafa á kortið með vinsælli fyrstu kvikmynd, hafi hreinlega ekki haft efni á mynd númer tvö. Í þeim tilvikum hefur myndunum verið lekið strax á netið og tekjur af dvd-sölu og sjónvarpi því engar.“

## Leyfiskerfi framtíðin í stafrænni dreifingu

Þýski sérfræðingurinn Gerd Leonhard telur framtíðina í stafrænni dreifingu felast í því að notendur greiði internetfyrirtækjunum mánaðarlega upphæð fyrir ótakmarkað niðurhal. Samningar um réttindin yrðu þá milli þeirra sem selja internettengingar og útgáfufyrirtækjanna.

Gerd Leonhard heitir þýskur sérfræðingur í stafrænni dreifingu. Leonhard hefur sterkar skoðanir á dreifingu stafræns efnis á netinu og hefur gefið út bækur um það efni. Sú þekktasta er líklega „The Future of Music“, en eins og titillinn gefur til kynna útlistar Leonhard þar nýstárlegar kenningar sínar um framtíð stafrænnar tónlistar og annars konar stafræns efnis.

„Ef þú vilt ná árangri sem tónlistarmaður, er mikilvægt að ná til fjöldans. Nú nægir ekki lengur að bjóða einfaldlega tónlist til sölu, heldur verður að reyna að ná til sem allra flestra og þar gegnir internetið lykilhlutverki,“ segir Leonhard.

Hann telur gömlu útgáfurisana á borð við EMI og Sony vera á rangri leið með því að krefjast þess að notendur greiði fyrir niðurhal af netinu. Framtíðarfyrirkomulagið verði þannig að ótakmarkað niðurhal stafræns efnis fylgi net- eða símaáskriftum, sem þá verði eilítið dýrari fyrir vikið. Internetfyrirtækin myndu þá greiða útgáfufyrirtækjunum fyrir afnot af efninu og veita notendum sínum síðan ótakmarkaðan aðgang. „Notendur, hvort sem þeir hala niður gríðarlegu magni af tónlist eða alls engu, greiða þá fyrir með internetáskriftinni. Eg myndi telja að ein evra á viku væri sanngjarnt verð fyrir slíkt ótakmarkað niðurhal.“

Leonhard segir útgáfufyrirtækin hafa neitað að horfast í augu við raunveruleikann. Sala tónlistar í hefðbundnu formi hafi stórlega dregist saman undanfarin ár og nú sé svo komið að langflestar nálgist tónlist gegnum internetið. Hann bendir á rannsóknir sem leitt hafi í ljós að um tvö prósent



**GERD LEONHARD** Einungis tvö prósent þeirrar tónlistar sem sótt er af netinu er halað niður á löglegan máta. Þýski sérfræðingurinn Gerd Leonhard segir augljóst að gamla kerfið sé dauft og vill svokallað leyfiskerfi í staðinn.

notenda greiði fyrir þá tónlist sem halað er niður af netinu. „Útgáfufyrirtækin eru á grafarbakkanum vegna þess að þau hafa ekki fylgt þessari þróun eftir. Hins vegar ber að hafa í huga að útgáfufyrirtækin voru einnig á móti útvarpinu á sínum tíma, síðan fundu þau leið til að nýta útvarpið í sína þágu. Sams konar bylting þarf að verða þegar kemur að tónlist á netinu. Það þarf að stofna leyfiskerfi.“

Leonhard telur að stoðir útgáfufyrirtækja

muni ekki bresta þótt þessi hátturinn verði hafður á. Hann bendir á að fyrir utan þær tekjur sem fyrirtækin myndu hafa af leyfiskerfinu mætti nýta sér auglýsingar á internetinu til tekjuöflunar. „Auglýsingabransinn á netinu velti um hundrað milljörðum Bandaríkjadala á síðasta ári. Tónlistarmarkaðurinn, bæði á internetinu og plötusalan, veltir hins vegar um þrjátíu milljörðum árléga. Við sjáum í hendi okkar að möguleikarnir eru gríðarlegir.“



# Í allt úr engu á áratug

Gísli Reynisson fer fyrir ört vaxandi fjárfestingarfélaginu Nordic Partners, sem nýverkið keypti Hamé, stórt matvælafyrirtæki sem starfar í Mið- og Austur-Evrópu.

Þrjú þúsund manns starfa hjá þessu félagi, sem veltir um sautján milljónum króna árlega. Með kaupnum stækkar enn fjárfestingarfélagið en eignasafn þess var um áramót um 100 milljarða króna virði.



GÍSLI REYNISSON

Gísli á ríflega helmingshlut í Nordic Partners, en félagið var stofnað fyrir aðeins rúmum tíu árum.

Gísli er rúmlega fertugur, fjögurra barna faðir í sambúð. Hann býr í Lettlandi en heldur jafnframt heimili hér á landi og í Kaupmannahöfn.

Hann er doktor í fjármálahagfræði frá háskólanum í Tampere í Finnlandi og hefur stundað rannsóknir við Harvard-háskóla í Bandaríkjunum. Áður

hafði hann lokið MBA-gráðu frá Oregon-háskóla, svo nokkuð sé nefnt.

Undir hatti Nordic Partners er mikill rekstur, einkum í Lettlandi, en líka í Litháen, Tékklandi, Póllandi og víðar.

Upphafið að því voru kaup á plastverksmiðju í Lettlandi, sem mátti muna sinn fífil fegurri. Þeim rekstri var umpólað og breytt í iðngarða. Síðan hafa ýmis fyrirtæki og rekstur bæst í hópinn: Verksmiðjur sem framleiða sælgæti og sætabrauð, samlokur og kex, flugfélagið IceJ-

et, fiskvinnsla í Færeyjum, auk hafnarreksturs í Lettlandi.

Þá er ótalin dönsk hótélkeðja þar sem helsta skrautfjörðin er viðkomustaður Nóbelskálðsins, Hotel D'Angleterre við Kóngsins Nýjatorg.

Snertiflötur félagsins við Íslendinga er þó sennilega einkum fólgin í verslunum Fisksögu, Ostabúðarinnar og Gallerýs kjöt.

Nordic Partners er alls ekki fyrsta viðskiptaævintýri Gísla.

Samhlíða doktorsnáminu stofnaði hann fjárfestingarfélagið Finnish Venture Capital sem hann

raunar seldi þegar Nordic Partners keyptu plastverksmiðjuna.

En viðskiptasögu Gísla má raunar rekja miklu lengra aftur. Hermt er að þegar sem ungur drengur hafi hann byrjað sjoppurekstur úti á götu í Kópavogi og rekið keðju pylsuvagna á unglingsárunum.

Þeir sem til þekkja segja að Gísli sé mikill keppismaður en umfram allt skemmtilegur. Þá má geta þess að hann er eini starfsmaður Nordic Partners sem tekur Macintosh fram yfir PC.

- ikk

## SPÁKAUPMAÐURINN

### Draumur spákaupmanns

Yfirleitt sef ég afsþyrnuvel og þúlelega dreymir mig ágætlega. Það er meira en margir stæra sig af um þessar mundir.

Aðfaranótt mánudags dreymdi mig að ég væri á leið til fundar við þá Bakkabræður, Ágúst og Lýð í London. Hvort ég var að koma frá Reykjavík eða sumarhúsinu okkar á Costa del Sol man ég ekki. Hitt var hins vegar kúrskýrt að til að nálgast þá bræður þurfti að fara um einkaflugvöll sem þeir bræður höfðu reist utan um alla starfsemina enda með marga á launaskrá. Og þarna stóð ég á Bakkavelli í jakkafötunum með ráð og bollaleggingar á tungubroddinum.

Þetta var fínasta stöð, hagnlega lagaðar stelpur með skut, stefni og ljósar strípur við innritunarborðið. Lítið situr eftir um öryggiseftirlitið, ef það var þá nokkuð, enda starfsfólk Bakkabræðra ekki varasamt. Handan innritunarborðsins var svo míní-útgáfa af fríhöfn og þar mátti finna mýgrút af bókum, DVD, tónlist, raftækjum á lágu verði og víni í betri kantinum. Þetta var svona eins og uppsköluð Leifstöld bara minni og taldi í örfáum fermetrum. En betri fyrir vikið. Ég settist við barinn og greip í blað.

Sem ég stóð og blaðaði í nýlegu innanhússblaði Bakkaveldis á Bakkavelli með flennistórri mynd af þeim bræðrum á forsíðunni – mig minnir að þeir hafi verið í þann mund að gæða sér á fersku salati úr Tesco – þá gall í kallkerfinu að þeir farþegar sem ætli til Póllands fari um hlið 1, þeir til Tékklands um hlið 2 en Kínafarar ættu að haska sér að hlið 3. Fyrir utan beið skínandi vél, hvítlitúð eins og sakleysið. Veit ekki hvað Freud segði við því.

Sem ég sat í sætinu pikkaði í mig Hreiðar Már í Kaupþingi, spurði hvort ég vildi kaffi. Í sama mund skaust Hannes Smára úr flugstjórnarklefanum í fullum skrúða. Sagðist vera syfjaður og ætlaði að taka einn skrens á tæki frá Flögu. „Ef allt klikkar: Hvar eru björgunarskringirnir?“ spurði hann.

Við það vaknaði ég af raunverulegum blundi, hrökk upp af værum blundi. Hristi af mér drómum og langaði í viski. Veit ekki hvers vegna. Hringdi í Ríkið og spurði hvort einhverjir hefðu skilað sérpöntuðu viskíi, svona eins og staðan væri. Jú, þar var nóg til. Miknið búið að skila sér í hús og von á meiru. Ég tók þrjár flöskur. Fæ mér í glas í kvöld og annað á morgun. Skál.

Spákaupmaðurinn á horninu

# Staðgreiðsla 2008

Um leið og ríkisskattstjóri óskar landsmönnum gæfuríks árs er minnt á að frá 1. janúar sl. tóku nýjar fjárhæðir gildi í staðgreiðslu.

- **Skatthlutfall**  
er óbreytt 35,72%
- **Persónuafsláttur**  
er kr. 408.409 fyrir árið  
eða kr. 34.034 á mánuði
- **Skattleysismörk**  
eru kr. 1.191.002 fyrir árið  
miðað við að greidd séu 4%  
af launum í lífeyrissjóð
- **Sjómannaafsláttur**  
er 874 kr. á dag.
- **Frítekjumark barna**  
15 ára og yngri er 100.745 kr.
- **Almennt tryggingagjald**  
er 5,34%



**RSK**  
RÍKISSKATTSTJÓRI

Nánari upplýsingar eru á vef ríkisskattstjóra [www.rsk.is](http://www.rsk.is)

## ORKA &amp; IÐNAÐUR

## Aðstæður í Færeyjum breyttust

„Við vildum rækta viðskiptasambönd okkar milliliðalaus og því stofnuðum við dótturfélag í Færeyjum,“ segir Baldur Þorgeirsson, framkvæmdastjóri innlendrar starfsemi Kvosar.

Eignarhaldsfélagið Kvos, sem meðal annars á prentsmiðjuna Odda og Kassagerðina hefur stofnað dótturfyrirtæki í Færeyjum til að halda utan um sölustarfsemi félagsins þar. Fyrirtækið hefur fengið nafnið Kassagerðin Føroyar P/F og er ætlað að styrkja stöðu Kassagerðarinnar í Færeyjum.

Baldur segir miklar hræringar hafa verið á umbúðamarkaði í Færeyjum að undanförnu. Það fyrirtæki sem sá um sölu Kassagerðarinnar þar í landi hafi sameinast öðru. Því hafi stjórnendur Kvosar viljað taka sölu og markaðssetningu í eigin hendur.

Helstu kaupendur umbúða í Færeyjum eru fyrirtæki tengd sjávarútveginum. Baldur segir Kassagerðina framleiða um-

búðir úr bylgjupappa, eina fyrirtækið á Íslandi. Einnig séu þau með í sölu innri og ytra byrði í öskjum. Mest sé selt til sjávarútvegsfyrirtækja en líka til fyrirtækja í lyfja- og matvælaíðnaði.

Baldur segir margt hafa breyst á þessum markaði undanfarin ár. Áherslan á eigin framleiðslu hafi minnkað á kostnað innflutnings. Hér heima sé framleitt það sem hagkvæmt þykir að flytja ekki inn. Hvað varðar framleiðslu úr bylgjupappa hafi Kvos sérstöðu.

Hann segir reksturinn ganga þokkalega. Í Færeyjum starfi tveir á vegum fyrirtækisins en um áttatíu manns starfi við umbúðarhlutann á Íslandi.

Kvos er alþjóðlegt eignarhalds- og fjárfestingarfélag í prentiðnaði og skyldum rekstri og rekur meðal annars Odda á Íslandi. Kvos á 10 dótturfélög á Íslandi, í Bandaríkjunum og Evrópu og hjá því starfa rúmlega 1.300 starfsmenn. -bg



**STÓRIR Í SJÁVARÚTVEGI** Kvos framleiðir mikið af umbúðum fyrir sjávarútveginn, bæði innri og ytra byrði á öskjum sem afurðum er pakkað í áður en þær eru sendar á erlenda markaði. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

## LANDBÚNAÐUR



**METFRAMLEIÐSLA Á KJÚKLINGAKJÖTI** Sala á alifuglajakjöti var í fyrsta skipti í fyrra meiri en sala á lambakjöti. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

## Alifuglajakjöt selst meira en lambakjöt

Kjötsala jókst um sex prósent í fyrra. Mest seldist af alifuglajakjöti. Lambakjötið hefur misst efsta sætið í fyrsta sinn.

**Björgvin Guðmundsson**  
skrifar

„Það hefur verið mjög öflug vöruþróun í tengslum við framleiðslu á alifuglajakjöti,“ segir Jón Magnús Jónsson, bústjóri á alifuglabúinu að Reykjum í Mosfellsbæ.

Í fyrra jókst framleiðsla á kjöti um sjö prósent og nam alls 26.864 tonn samkvæmt upplýsingum frá Bændasamtökum Íslands. Mest jókst framleiðsla á alifuglajakjöti, um 14,2 prósent, og rúmlega ellefu prósent á hrossa- og nautgripakjöti. Framleiðsla svínakjöts jókst um sex prósent en kindakjötsframleiðsla var óbreytt milli ára.

Jón Magnús segir mikla framþróun hafa verið síðustu ár í framleiðslu á kjúklingakjöti sem er tilbúið til neyslu. Einnig hafi sala á kjúklingaáleggi aukist. Kjúklingakjöt sé mjög vinsælt hjá ungu fólki sem er að byrja að búa. Það sé samkeppnishæft í verði, fitulítið og hægt að matreiða á fjölbreyttan hátt.

Heildarsala á kjöti jókst um 6,3 prósent í fyrra. Mest seldist af alifuglajakjöti og er það í fyrsta skipti sem meiri sala er á annarri kjöttegund en kindakjöti á ársgrundvelli.

Jón Magnús segir meira jafnvægi á alifuglamarkaðnum en áður. Stórir bankar hafa að

mestu komið sér út úr rekstrinum, sem sé jákvætt fyrir þá sem eftir standa. Vissulega sé samkeppnin hörð og verð mætti vera hærra að hans mati en þróunin sé í rétta átt. Nýjum neytendum fjölgar og búin eru laus við stór áföll.

Í alþjóðlegum samanburði segir Jón Magnús að íslenskir framleiðendur standi sig vel. Þeir noti betra og dýrara fóður en margir erlendir framleiðendur svo kjötið verður betra. Eins er íslensk framleiðsla laus við öll vaxtaaukandi efni. Þróunin í Evrópu sé í þá átt að minnka notkun þessara efna en Bandaríkjamenn noti enn þá slíkar aðferðir við sína framleiðslu. -bg

## SJÁVARÚTVEGUR

## Verð á rækju á uppleið

Stjórnendur fyrirtækja í rækjuvinnslu segja verð fyrir rækjuna enn þá lágt á heimsmarkaði. Það sé þó að hífast upp hægt og rólega. Hins vegar setji hátt olíuverð stórt strík í reikninginn því dýrt sé að toga veiðarfæri fyrir rækjuna. Það svari varla kostnaði að sækja það litla sem má á Íslandsmið. Því er mest af þeirri rækju sem unnin er hér á landi keypt frosin af erlendum útgerðum. Hún er þýdd, pilluð, þökkuð og send aftur út.

Þröstur Friðfinnsson hjá Dögun á Sauðárkróki segir að verð á rækju hafi náð botninum árið 2006. Á síðasta ári hafi þetta svo heldur hækkað en vel verði að halda utan um reksturinn svo dæmið gangi upp. Þá skipti lykilmáli að vera með hagkvæma vinnslu og afkastamikla og hafa aðgang að hráefni.

Ástæðan fyrir lágu verði segir Þröstur hafa verið mikið framboð frá Kanada, sem fór á fullt í rækjuvinnslu árið 2000. Frá þeim tíma hafi verið offramboð á pillaðri rækju. Þá sé framboð á eldisrækju frá Asíu og Suður-Ameríku vaxandi.

Nú eru einungis fimm rækjuvinnslur starfandi á Íslandi af einhverri alvöru. Það er á Sauðárkróki, Ísafirði, Bolungarvík, Hólmavík og Grundarfirði.

Jón Guðbjartsson, sem stendur ásamt fleirum að rekstri Kampa á Ísafirði, segir verðið á rækjunni verða að fara upp í ár svo útgerðir geti mætt hækkanði olíuverði og staðið jafnfætis og í fyrra. Verðið hefur verið að stíga síðustu mánuði og fari vonandi áfram upp. Þau séu ekki í þessu til að græða peninga heldur til að lifa.

Hann segir ekki gróðavænlegt að gera skip út á rækju þessi misserin. Í fyrra var í fyrsta skipti veitt undir þúsund tonn af rækju við Íslandsstrendur. Á yfirstandandi fiskveiðiári var rækjukvótinn aukinn til að mæta niðurskurði á þorskvóta í um sjö þúsund tonn. Jón segir að sjávarútvegsráðherra hefði hæglega getað leyft veiðar á tuttugu þúsund tonn. Þeir sem áður veiddu bolfisk munu líklega reyna við rækjuna til að nýta skip og mannskap. -bg



**ERLEND RÆKJA PILLUÐ** Meirihlutinn af allri rækju sem unnin er á Íslandi er keypt af erlendum útgerðum. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Hráfæði og bjúgu geta farið saman

Sólveig Eiríksdóttir, athafnakona og einn eigenda Himneskrar hollustu, hefur verið hér fremst í flokki við að kynna og koma á framfæri heilsufæði hvers konar. Óli Kristján Ármannsson tók hana tali en um þessar mundir er að því unnið að samþætta rekstur Himneskrar hollustu, Manns lifandi og Græns kosts sem runnu saman um áramót.

Við sjáum fyrir okkur útrás," segir Sólveig Eiríksdóttir, athafnakona og einn eigenda Himneskrar hollustu, þegar hún er spurð út í hvað framtíðin beri í skauti sér fyrir fyrirtæki hennar. Í ár segir hún áhersluna hins vegar lagða á að samþætta rekstur heilsufyrirtækjanna þriggja sem runnu saman um áramótin, en það eru Himnesk hollusta og Maður lifandi, auk Græns kosts, sem bættist í hópinn á síðustu metrum nýliðins árs.

Þarna er því orðið til nokkuð öflugt fyrirtæki á heilsu- markaði þar sem til stendur að nýta sérstöðu hvers og eins, öfluga heildsölu og smásölu, auk veitingareksturs. Eigendahópur heilsusamstæðunnar er nokkuð dreifður. Salt Investments, fjárfestingarfélag Róberts Wessmans, kemur þar að með fjármögnun, en að auki eru þar Hjördís Ásberg sem stofnaði Mann lifandi og hjónin Sólveig Eiríksdóttir og Elías Guðmundsson, sem er framkvæmdastjóri Himneskrar hollustu. Þá var í eigendahópi Himneskrar hollustu Wilhelm Wessman, faðir Róberts.

Sólveig stofnaði fyrirtækið Grænan kost árið 1994 og hefur í tali manna oft verið kennd við þann stað, Solla á Grænum kosti. Hún seldi reksturinn Hjördísi Gísladóttur, meðeiganda sínum, fyrir tæpum fjórum árum, en sló til og keypti sig aftur inn í reksturinn í desember þegar óvænt gafst tækifæri til þess. „Næsta mál á dagskrá er að finna húsnæði undir þetta allt saman," segir hún og telur mikil samlegðaráhrif með fyrirtækjunum þremur. Himnesk hollusta og Maður lifandi, sem rekur heilsuþúðir með matsölu, eru sambærileg að stærð og Grænn kostur svo heldur minni.

Hjördís Ásberg stofnaði Mann lifandi fyrir um þremur árum í Borgartúni í Reykjavík og hefur sú starfsemi dafnað mjög síðan þá. Elías Guðmundsson skýtur á að velta hafi tvöfaldast hjá báðum fyrirtækjum síðustu tvö ár. Núna stendur starfsemin þannig að Maður lifandi er með vöru- og veitingasölu, Grænn kostur er með matsölu og heim-sendingu, en þar stendur til að

fjölga útsölustöðum, og svo er Himnesk hollusta með innflutning á vörum sem dreift er hér í verslanir. Sólveig og Elías segjast líta svo á að matsölastaðirnir séu nokkurs konar uppeldisstöðvar þar sem fólk geti kynnst mataræðinu og nálgast svo hráefnið í matargerðina á auðveldan máta í almennum matsöluverslunum. Þá komi jafnvel til greina að taka upp framleiðslu á tilbúnum réttum, svo sem vefjum og samlokum, sem fólk geti keypt úti í búð.

Áhugi á heilsufæði segir Sólveig að fari stöðugt vaxandi, en það segir hún bæði mega merkja af auknu umfangi rekstursins og því hversu mikið sé að gera hjá henni í margvíslegu fræðslustarfi tengdu heilsufæðinu. „Í þessu fer nefnilega saman bæði hugsjón og viðskipti," segir hún og telur að þannig þurfi þetta að vera. Viðskiptaþáttinn segir hún reyndar stöðugt sækja á í þessum geira. Fyrir bara fimm til sex árum var þorri þeirra sem sóttu alþjóðlegar sölusýningar hugsjónafólk. „Maður leit á fótabúnað fólksins og velti fyrir sér hvort viðkomandi hafi búit skóna til sjálfur," segir hún svona til að draga upp mynd af manngerðinni og hlær. „Á síðasta ári var kannski tíundi partur í þessum hópi. Núna eru komnir inn viðskiptamennirnir og svo hugsjónafólk sem hefur viðskiptavætt sig, auk svo þessara gömlu sem verða náttúrlega að vera með."

Áhugi á heilsufæði segir Sólveig að hafi gengið í bylgjum sem sífellt hafi undið upp á sig. Þannig segir hún að hafi til dæmis verið mikill áhugi á slíku í Evrópu skömmu fyrir fyrra stríð. „Allt fer þetta í hringi og stýttist alltaf á milli."

Árið 1994 segir hún svo hafa verið hárréttan tíma til að opna Grænan kost. Sjálf hafði hún breytt um mataræði árið 1980, sumpart tilneydd vegna ofnæmis fyrir sumum dýrafurðum. Sólveig þekkti hins vegar vel til heilsufæðis því amma hennar kynntist slíku fæði í Kaupmannahöfn þegar hún var þar ung kona í hjúkrunarnámi og bjó hjá fólkum sem aðhylltist hráfæði. Þekkinguna hafði hún með sér heim. „Það var sko hráfæði, ekki bara eitthvert grænmetis-



SÓLVEIG EIRÍKSDÓTTIR Himnesk hollusta, Maður lifandi og Grænn kostur mynda núna heilsusamstæðu þar sem saman fer bæði heilsala og smásala heilsuvarnings, auk veitingareksturs og matsölu.

MARKAÐURINN/VALLI

fæði," segir Sólveig, og bætir við að um 1950 hafi aftur komið dálítil bylgja í heilsufæðinu. „Þá kom út bókin Lifandi fæði, en af henni átti amma eintak og arfleiddi mig að. Svo kom aftur svona bylgja með 68-kynslóðinni og það eru leifarnar af henni sem ég næ í sjálf þegar ég flyt til Kaupmannahafnar árið 1978."

Sólveig segir fræðslu skipa stóran sess í starfi hennar og í raun lykilaríði í að vinna að framgangi og eflingu vitundar fólks um mikilvægi mataræðis. „Alls staðar er verið að tala um velmegunar- og lífsstíllssjúkdóma og hvergi orðið sett spurningarmerki við að tengja þá mataræði," segir hún, en bætir um leið við að ekki dugi að vera með neinn einstrengingshátt í að kynna nýtt mataræði. „Fólk er líka farið að átta sig á að þetta þarf ekki að vera annaðhvort eða. Það er

alveg hægt að fá sér æðislegt grænmetisalat í hádeginu og drekka græna djúsa yfir daginn, en fá sér svo bara bjúgu um kvöldið ef mann langar í. Bjúgu og hráfæði geta farið saman," segir Sólveig og skellihlær.

Framtíðarsýnin segir hún svo ganga út á að nýta styrk sameinaðs fyrirtækis til að efla og auka úrval í heilsuvarningi og vinna að aðgengi allra að slíkum vörum. Síðan geti líka komið til útrásar og segir Sólveig þar nærtækt að horfa til Skandinavíu, en í Evrópu segir hún rekstur heilsufyrirtækja brotakennari en hér og hvergi til viðlíka fyrirtæki og sameinað fyrirtæki Himneskrar hollustu og Manns lifandi. Hún segir því sóknarfæri í að færa þá þekkingu sem orðið hefur til hér til útlanda. „Markaðurinn hér er nefnilega nokkuð langt kominn. Kannski helst að Kalifornía standi okkur framar."

## FÓLK Á FERLI

## VALGEIR Á FJÁRHAGSSVIÐIÐ

Valgeir Baldursson hefur tekið við starfi framkvæmdastjóra fjárhagssviðs SPRON og tekur við starfinu af Hörpu Gunnarsdóttur, sem gegnt hefur stöðunni frá nóvember 2006 samhliða starfi sínu sem framkvæmdastjóri þjónustusviðs. Harpa mun gegna síðarnefnda starfinu áfram. Valgeir er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og lauk MBA-prófi frá Háskólanum í Reykjavík árið 2007. Hann hefur gegnt starfi framkvæmdastjóra fjárfestinga hjá SPRON síðan í október á síðasta ári.

- jsk

## NÝR FRAMKVÆMDASTJÓRI HJÁ SKÝRR

Ólafur Halldórsson hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri rekstrarlausna Skýrr í stað Þorvaldar E.



ÓLAFUR HALLDÓRSSON

Sigurðssonar sem hverfur til annarra starfa. Árið 2006 tók Ólafur sæti í framkvæmdastjórn Skýrr sem forstöðumaður verkefnastofu. Hann hefur starfað hjá félaginu frá árinu 2001.

Ólafur lauk meistarágráðu í rafmagnsverkfræði frá Háskólanum í Álaborg árið 1989 og starfaði áður hjá Reiknistofu bankanna, Íslenska járnblendifélaginu og Tölvumiðstöð sparisjóðanna.

- jsk

## NÝR MIÐLARAR HJÁ STRAUMI

Tveir nýir hlutabréfamíðlarar hafa verið ráðnir til starfa hjá Straumi fjárfestingarbanka, þeir



BJARNI EYVINDS PRASTARSON

Bjarni Eyvinds Prastarson og Arnar Freyr Ólafsson. Bjarni verður hlutabréfamíðlarar hjá markaðsviðskiptasviði. Hann hefur áður starfað hjá MP fjárfestingarbanka og Spron, og er með BBA-gráðu í viðskiptafræði frá George Washington-háskóla í Bandaríkjunum. Arnar Freyr starfaði áður hjá greiningardeildum Giltis og Landsbankans, var þar áður yfirmaður verðbréfavíðskipta hjá Landsbankanum á Norðurlandi. Hann lauk gráðu í alþjóðafjármálafræði frá háskólanum í Alabama árið 1998.

- jsk

## Markaðurinn í lok dags

Sindri Sindrason fer yfir viðskipti dagsins alla virka daga kl 16:45.

Fylgstu með Markaðinum í lok dags á visir.is og á Stöð 2 kl. 12.10 og 18.20.



## DAÐUR Í LÍFI ...

Steinunn Sigurðardóttir,  
fatahönnuðar

Steinunn Sigurðardóttir fatahönnuð er margverðlaunuð fyrir störf sín. Síðast fékk hún aðalverðlauna Félags kvenna í atvinnurekstri. Í fyrradag, mánudaginn 21. janúar, undirbjó Steinunn myndatöku í New York.

**5.45** Vaknaði í miklum kulda í New York. Fór í gegnum 50 tölvu-pósta og svaraði, vann með Iðunni í gegnum Skype til að klára búningana fyrir Íslenska dansflokkinn. Fór í sturtu.

**8.40** Komin á kaffihúsið á Grand Street og fékk mér tvo góða kaffibolla. Labbaði aftur í stúdíóið, dúðuð í margar peysur og tvo trefla. Þar kláraði ég að taka upp úr töskunum fyrir tókuna og áttaði mig á að „steama“ þyrfti allan fatnaðinn. Mary Ellen mætti og við töluðum saman.

**10.00** Fékk aðstoðarmanneskju sem byrjaði að setja „steamerinn“ í gang og fór að vinna við fötin. Náði að brenna mig illa á tveimur fingrum. Var með klaka á fingrum fram á kvöld. Kláraði allan tölvupóst. Mikið gengur á í Danmörku þar sem næsta sýning verður.

**13.00** Talaði við Ísland og skrifstofuna, fór í gegnum ansi margt sem þurfti að leysa. „Set designer“ mætti og fór í gegnum „backdrop“ og fleira. Fór svo í bæinn með Mary Ellen að skoða skó, keypti eitt þar fyrir myndatökurnar.

**15.00** Staðfesti með tölvupósti mætingu fyrir alla á þriðjudagsmorgni. Fór í gegnum öll fötin, raðaði í þeirri röð sem við munum „skjóta“ og kláraði allt sem þeim viðkemur.

**17.00** Allt sölustaffið mætti á staðinn til að fara í gegnum línuna. Þau voru búin að bíða lengi eftir að sjá hana og voru yfir sig hrifin. Ég hitti þau ekkert fyrir en í næstu viku þegar „press event“ er þann 1. febrúar á 14th Street. Fer heim í millitíðinni og meira að segja til Danmerkur að vinna.

**18.00** Kláraði að ganga frá öllu fyrir morgundaginn. Allt tilbúið, fingurnir orðnir góðir og ekki mikil blaðra.

**19.00** Fór heim frekar þreytt og syfjuð eftir langan vinnudag. Fór samt út að borða með vinkonu minni. Hringdi heim og talaði við fjölskylduna. Strákarnir mínir voru hressir og kátir, en borgarstjórnin enn og einu sinni fallin meðan ég er stödd erlendis.



**STEINUNN SIGURÐARDÓTTIR** Það var rétt að Steinunn gæfi sér tíma til að líta upp frá undirbúningi Bandaríkjaferðar þegar ljósmyndara bar að garði síðastliðinn föstudag. MARKAÐURINN/EYFÖR



**PREMENNINGARNIR FAGNA NÝÁRSDEGI VIÐ ÓPERUHÚSIÐ Í SYDNEY** Miroslav Manojlovic (lengst til vinstri) segir það einstaka upplifun að ferðast til kóralrifjanna við austurströnd Ástralíu.

# Naut ástralskrar sólar á nýársdag

Einstakt að upplifa áramótin sunnan miðbaugs, að sögn framkvæmdastjóra Austurlandahraðlestarinnar.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson  
skrifar

„Þetta var frábært en ég varð svolítið áttavilltur og enn að velta því fyrir mér í hvaða átt vatnið rennur,“ segir Miroslav Manojlovic, framkvæmdastjóri og einn eigenda veitingastaðarins Austurlandahraðlestarinnar. Miroslav fagnaði jólum og áramótum í Ástralíu, þar á meðal á hinum einstöku kóralrifjum við austurströnd landsins. Þetta eru einstakar náttúruperlur og eiga engan sinn líka í veröldinni. Sagt er að vatnið renni rangsælis þarna sunnan miðbaugs þótt Miroslav hafi enn ekki komist til botns í málinu.

Hann segir hugmyndina um að leggja á sig langt og strangt ferðalag til að upplifa öðruvísi áramót hafa komið upp þar sem hann flatmagaði ásamt góðvini sínum, Kristjáni Ferrer, í Bláa lóninu síðastliðið hásumar. Þeir hafi leitað sér upplýsinga á netinu um ferðakosti og nánari tilhögun auk þess sem þeir höfðu samband við vini og kunningja í Ástralíu til að bóka gistingu.

Miroslav flaug frá Keflavík til Lundúna á aðfangadag og varði þar einni nótt hjá vinafólki. Á jóladag flaug hann svo áleiðis til Sydney í Ástralíu með millilendingu í Seúl í Suður-Kóreu. Kristján, sem býr í Barcelona á Spáni, hitti hann í Sydney.

Miroslav, sem er ættaður frá Bosníu en hefur búið hér á landi frá miðjum síðasta áratug, hefur í það minnsta í þriggja varið jólum og áramótum erlendis hjá vinum og kunningjum fjarri heima-

högum í þau ár sem hann hefur búið hér. Og er þá hvorki átt við jólafagnað í foreldrahúsum í Bosníu eða hér á landi. Ein eftirminnilegustu áramótin voru að hans mati síðustu aldamót í París þegar flugeldar lýstu upp Eiffeltúrninn.

Ætlunin var að ferðast vítt og breitt um Ástralíu á þeim þremur vikum sem ferðin varði. „Við urðum hins vegar fljótlega að einskorða okkur við ákveðna staði enda landið geysistört,“ segir Miroslav en í Sydneyborg hittu þeir Kristján sameiginlegan kunningja áður en þríeykið hélt áleiðis til lítillar eyju á kóralrifjunum miklu, sem eru að mestu friðuð. „Eyjan heitir Lady Elliot Eco Island, er innan þjóðgarðsins á kóralrifjunum og einungis tveir ferkílómetrar að stærð. Maður gengur hana enda á milli á um tuttugu mínútum,“ segir Miroslav. Næstum ekkert er á eyjunni fyrir utan nokkur hús á hluta hennar. „Eyjan sjálf, sem mótaðist úr kóral, er viðkvæm svo mannaferðum er haldið í lágmarki. Aðeins hundrað manns er leyft að vera þar á hverjum degi,“ bætir hann við en þar má bæði njóta einstakrar náttúru, fylgjast með ferðum skjaldbakna og stunda köfun svo fátt eitt sé nefnt.

Miroslav segir mjög einfalt að ferðast á eigin vegum, slíkt geri fólk í auknum mæli í stað þess að festa sig undir verndarvæng ferðaskrifstofa. Ferðin hafi að sjálfsgöðu kostað sitt. Flugði eitt til Sydney í Ástralíu, sem tók um 25 klukkutíma, hafi hlaupið á um 150 þúsund krónum en flug til Lady Elliot Eco-eyju ásamt gistingu í þrjú daga um 75 þúsund krónur. „Þetta er algjörlega þess virði,“ segir hann.

## FRÍSTUNDIN

# Betra sport en golfið

Friðrik S. Halldórsson, framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Kaupþings, er mikill áhugamaður um jeppaferðir og á forlata Econoline-jeppa með risadekkjum til að nota í sportið. Hann segir jeppaferðir um margt fjölskylduvænna áhugamál en mörg önnur sem menn hafa tekið upp.

„Já, ég er mikill jeppamaður,“ játar Friðrik S. Halldórsson, framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Kaupþings, þegar á hann er gengið varðandi áhugamál. „Þetta tekur stóran hluta frítímans,“ segir hann, en Friðrik var að undirbúa ferð í Kerlingarfjöll með félögum sínum þegar hann var tekinn tali fyrir helgi.

Bíllinn sem Friðrik ferðast á er engin smásmíði, Econoline-jeppi á 46 tommu stórum dekkjum. „Alvöru bíll.“

Þá er Friðrik ekki einn í sportinu heldur stundar jeppaferðirnar með hópi vina, auk þess að vera félagi í jeppaklúbbnum 4x4. „Þar hef ég verið með frá stofnun og hef í gegnum tíðina gegnt þar formennsku í ein fimm ár þótt ég sé það ekki núna og setið í stjórn í einhverju tíu ár, þannig að maður hefur

verið viðloðandi þetta.“

Vinahópurinn í jeppasportinu segir Friðrik svo hafa komið sér upp aðstöðu til að gera við og stunda breytingar sem nauðsynlegar eru á bílunum, svo sem að hækka þá upp og koma á þá aukabúnaði. Þar ræður bíladelluhlutinn sem Friðrik segir að laði hann að jeppamennskunni, en fyrst og fremst segir hann það hins vegar vera úti-veruna sem sé stærsti kosturinn við þetta. „Það er ekki ónýt að njóta okkar fallega lands með þessum hætti. En svo er bíladellan náttúrulega yfirtengileg og ólæknandi.“

Friðrik segir að vinir hans frá í menntaskóla hafi að stórum hluta haldið hópinn síðan í jeppamennskunni. „Við höfum farið í gegnum súrt og sætt í þessu og núna búin að koma okkur upp góðri aðstöðu þar

sem við erum með tækin. Hluti af þessu er félagsskapurinn og einmitt að vera með aðstöðu þar sem menn geta komið, spjallað og unnið saman.“

Jeppamennskuna segir Friðrik síst tímafrekara sport en annað og að mörgu leyti hafi hún kosti umfram önnur áhugamál. „Til dæmis er auðveldara að ná fjölskyldunni saman í þetta sport en golfið. Þar er maður oft einn með félögum en þarna fer öll fjölskyldan saman og mætti því segja að jeppamennskan sé bæði fjölskyldu- og vinavænn en golfið.“ - Óká

**BANKAMAÐUR Á TRYLLITÆKI** Friðrik S. Halldórsson, sem er framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Kaupþings, segist lengi hafa verið haldinn ólæknandi bíladellu. Hann hefur gegnt ábyrgðarstöðum í félagsskap jeppamanna og komið sér upp viðgerðaraðstöðu með hópi vina í jeppasportinu. MARKAÐURINN/AUDUNN





Prófaðu nýjung á **byr.is**:

# Komdu þér í fjárhagslegt form með Byr

**Taktu heilsuprófið á byr.is og komdu í heimsókn!**

Markmiðið með nýja fjárhagslega heilsuprófi Byrs er að **bæta fjárhagslegt heilbrigði þitt.**

Talaðu við fjármálabjálfa Byrs um niðurstöðurnar. **Nýttu tækifærið.**

Fáðu góð ráð til að styrkja fjárhagslega heilsu þína núna með fjármálabjálfurum Byrs.

**Það tekur aðeins nokkrar mínútur að taka heilsupróf Byrs.**

Komdu með í ræktina. Komdu þér í fjárhagslegt form.

Taktu heilsuprófið – byrjaðu á **byr.is**

Talaðu við fjármálabjálfa Byrs í dag



**BYR**

SPARISJÓÐUR

## BANKAÓLFID

### Órói víðar en á markaði

Vart má á milli sjá hvar ríkir meiri ringulreið: á hlutabréfamarkaði eða í borgarstjórn Reykjavíkur. Eitt er hins vegar víst og það er að á hvorugum vettvangi treysta menn sér til að spá fyrir um hvernær eða hvar ósköpin endi. Nú þegar ásakanir ganga á víxl milli fylkinga í borgarstjórn og borgarfulltrúar keppast við að losa hnífasettin úr bakinu, geta unndur hins frjálsa markaðar þó huggað sig við eitt: markaðurinn lýtur þá þrátt fyrir allt skynsamlegum kröftum.

Eftir það sem á undan er gengið eru fáir sem trúa því að hið sama gildi um borgarpólitíkina í Reykjavík.



### Stendur Satan fyrir þessu?

Ekki eru þó allir jafn sannfærðir um að skjálftinn á hlutabréfamarkaði eigi sér eðlilegar skýringar. Sú staðreynd að í gær voru 666 dagar síðan Úrvals-vísitalan stóð jafn illa og raunber vitni skaut mörgum miðlaránum skelk í bringu. Talan 666 hefur gjarnan verið tengd illum öflum og jafnvel Satan sjálfum. Þannig var því spáð í Biblíunni að antikristur kæmi fram á sjónarsviðið á því herrans ári 666. Hvort skynsamlegt er að leggja einhverja merkingu í þessa staðreynd er annað mál og gaman verður að sjá hvernig greiningardeildir bankanna taka á málinu. Ljóst er hins vegar að verðfall hlutabréfa heldur áfram, hvort sem Satan sjálfur er þar að verki eða eitthvað annað.

### Guðjón Valur í Times

Handbolti er ekki jafn vinsæll alls staðar. Bretar, sem halda Ólympíuleikana árið 2012, hafa aldrei staðið framarlega í íþróttinni. Ríkisstjórn landsins hyggst nú eftirláta góðum mönnum að ráða bót þar á og hefur fengið bresku handboltahreyfingunni um fjögur hundruð milljónir króna í hendur til að undirbúa breskt ólympíuleið í íþróttinni. Matt Dickinson, leiðarhöfundur The Times, er ekki þar hrifinn. „Grikkir hafa álíka mikla þekkingu á hafnabolta og við höfum á Guðjóni Vali Sigurðssyni, handboltastjórnu frá Íslandi og markahæsta manni síðasta heimsmeistaramóts,“ segir Dickinson. Guðjón Valur getur þó vel við unað, enda líklega fyrsti íslenski íþróttamaðurinn til að fá nafn sitt birt á leiðarasíðu bresks dagblaðs.

1,15%

er eign FL Group í þýska bankanum Commerzbank.

98%

af hluthöfum Stork NV samþykktu yfirtökutilboð London Asquition í félagið.

126,5%

er hækkun á gengi bréfa í færeyska olíuleitarfélaginu Atlantic Petroleum síðastliðna 12 mánuði.



# VERTU ÁBERANDI Í SÍMASKRÁNNI



## Auglýsingum í Símaskrána 2008 þarf að skila fyrir 31. janúar

Móttöku auglýsinga og skráninga í **Símaskrána 2008** fer senn að ljúka.

Auglýsing í Símaskránni er með þeim áhrifameiri sem völ er á því hún er einn **mest notaði miðill** landsins þegar leitað er að **upplýsingum um fyrirtæki**. Þegar fólk tekur upp Símaskrána hefur það þegar tekið ákvörðun og á aðeins eftir að finna númer og hafa samband.

Ef þú þarft að breyta auglýsingu hafðu þá samband við ráðgjafa okkar í síma **522 3200** eða sendu tölvupóst á **auglysingar@ja.is**.



– er svarið



**Valsað ál** fyrir þök og veggj  
Fegurð, mýkt, ending  
Fæst í 12 litum



Ál er okkar mál



Stórhöfða 33 • 110 Reykjavík • Sími: 577-4100 • [www.altak.is](http://www.altak.is)